

„Á HVERJU LIGGJA EKKI VORAR GÖFUGU KELLÍNGAR“

Halldór Laxness og Torfhildur Hólm

Skálda

Í júnímánuði árið 1704 sendir Guðrún Ögmundardóttir í Flatey Árna Magnússyni, sem þá er í Skálholti, handrit ásamt miða með þessum orðum: „Eg sendi yður hér með Skáldu, sem eg lofaði í fyrra, og hefi eg ei getað hana betri útvegað né fyllri. En Eddu fæ eg ei með öðru móti en þá er eg fékk yður í fyrra.“¹

„Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellíngar,“ segir Arnas Arnæus þegar hann við upphaf *Íslandsklukkunnar* finnur í rúmbotni kerlingarinnar á Rein nokkur blöð úr Skáldu sem hann hefur verið að leita að í sjö ár.² Þar með tekur hann sér í munn orð Árna Magnússonar sem í bréfi til séra Jóns Eyjólfssonar frá 4. júní 1728 vitnar í „vorar göfugu kerlingar“.³ Hér hefur Halldór Laxness tekið orðasamband úr raunverulegu bréfi og sett í skáldaða sögu, og þar með sveigt það undir

1 *Arne Magnussons Private Brevveksling*, bls. 701. Bréfið er aðeins til í afskrift og útdrætti Árna og fylgir handriti Skáldu, AM 162 8vo. Tilvitnunin er færð til nútímastafsetningar.

2 Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, bls. 28. Sagan kom fyrst út í þremur bindum, *Íslandsklukkan* (1943), *Hið ljósa man* (1944) og *Eldur í Kaupinhafni* (1946). Í annarri útgáfu voru þau gefin út á einni bók, *Íslandsklukkan* (1957), og er hér vitnað til hennar. Vísað er til blaðsíðutals aftan við tilvitnanir í meginmáli.

3 Við samningu *Íslandsklukkunnar* skrifaði Halldór hjá sér ýmsar setningar úr bréfaviðskiptum Árna sem hann síðan felldi inn í verk sitt. Sjá Peter Hallberg, „Íslandsklukkan í smíðum,“ bls. 148-150. Sjá einnig minniskompur Halldórs á handritadeild Landsbókasafns, Lbs 200 NF. Í bréfinu til Jóns Eyjólfssonar spyrst Árni fyrir um handrit um „meiri háttar menn“ frá því fyrir siðaskipti. „Því þetta er allt svo sem í þoku,“ skrifar hann, og annálar um þennan tíma „með réttu tilberaverk, svo sem vorar göfugu kerlingar nefna.“ Sjá *Arne Magnussons Private Brevveksling*, bls. 232.

Það sem hann kallar „lögmál verksins“.⁴ Aðalatriðið sem hann hefur hér staðnæmst við er orðið „kerling“, en á kerlingum hefur hann miklar mætur og tengir þær oft skáldskap. Arnas, sem er á leið úr Breiðafirði í Skálholt ásamt fríðu föruneysi, hefur tekið á sig krók og fengið sóknarprestinn til að fylgja sér að Rein þar sem hann hefur heyrt að kunni að leynast handrit. Eftir nokkurt þóf bendir Jón Hreggviðsson honum á rúmbotn móður sinnar um leið og það rennur upp fyrir honum að eitthvað hljóti að hafa orðið af „gömlu skinnþjötlu sem þau höfðu gefist upp við að hafa í bót á brókina hans hér um árið“ (28). Sjálfur skríður hann úr rúmbæli sínu, sem ekkert geymir, og hjálpar „professor antiqvitatum“ (28) við leitina:

Það gaus upp ryk og ólyfjan þegar farið var að róta í bæli kellíngar, því hey var gamalt og margmyglað í bálkinum. En innanum heyið ægði saman alskonar drasli svo sem botnlausum skóræflum, skóbótum, gömlum sokkbolum, fúnum vaðmálsþjötlu, snærisspottum, þinum, skeifubrotum, hornum, beinum, tálknum, glerhörðum fiskstirtlum, ónýtum klúrum og öðru spýtnarusli, kljásteynum, skeljum, kufúngum og krossfiskum. Þó var ekki örgrant að innanum mætti finna nýta hluti og jafnvel merkilega svo sem gjarðahringjur úr kopar, lausnarsteina, svipuhólka, eldforna eirpenínga. (28)

Á meðan þeir róta í bælinu stendur gamla konan grátandi á lengdar með „korpnaðar kinnar“ og „eltiskinnsvánga“ (29), sjálf eins og gömul skinnbók.⁵ Biskupinn fylgist með vantrúaður en þær Snæfríður og biskupsfrúin eru gengnar út.

Lýsingin á rúmbælinu kemur vel heim og saman við kenningar táknfræðinnar, einkum Juliu Kristevu, um móðurlíkamann og hina kvenlegu óreiðu sem karlinn, „lögmál föðurins“, skilur sundur og gæðir tungumáli og merkingu.⁶ Í ljósi þessara kenninga er handrit kerlingar „bælt“ í

4 Sjá „Íslendingar eiga stórfenglegri skáldsagnageymd en nokkur önnur Evrópuþjóð,“ *Þjóðviljinn* 23. desember 1944, bls. 4.

5 Hliðstæða kerlingar og skinnbókar kemur enn skýrar fram í frumdrögum *Íslandsklukkunnar* en þar er gamla konan kynnt svo: „Enn kom hin fjörgamla móðir Jóns Hreggviðssonar inn [...], hörund hennar morautt og í ótal hrukkum og fellíngum eins og gamalt bókfell.“ Sjá Peter Hallberg, „Íslandsklukkan í smíðum,“ bls. 173.

6 Um kenningar Kristevu, sjá m.a. greinasöfn hennar *Desire in Language* og *The Kristeva Reader*, einnig grein Helgu Kress „Dæmd til að hrekjast,“ bls. 248–252.

bókstaflegri merkingu og það þarf fjóra karla, prófessorinn, húsbóndann, biskupinn og sóknarprestinn, til að ná því upp á yfirborð samfélagsins og gefa því nafn og merkingu. Enda kemur þar að „hinn tigni gestur“ dregur fram úr „heyruddanum“ í eins konar fæðingarmynd „nokkur sam-anvöðluð skinnaræksn svo bögluð, skorpín og gamalhörðnuð að ógerlegt var að slétta úr þeim“ (29). Hann ber skinnið upp að birtunni og ýmist blæs af því eða rýnir í það, dustar það eða strýkur:

Membrana, sagði hann að lokum og leit sem snöggvast á vin sinn biskupinn, og þeir skoðuðu það báðir: nokkur kálfskinnsblöð brotin og kjölþrædd, en þráðurinn laungu slitinn eða fúinn; en þótt ytraborð bjórsins væri svart og grómttekið mátti auðveldlega greina þar lesmál með múnkalettri. (29)

Þeir biskupinn fara höndum „um þessar skorpnu druslur jafnvarlega og um óskinngað fóstur“ (29).⁷ Um leið tauta þeir fyrir munni sér „latnesk orð svosem pretiosissima, thesaurus og cimelium“ (29). Þar með er handritið fætt til samfélags lærðra karla og bara eftir að skilgreina það og innsigla með nafni: „Skriftin er frá því um þrettánhundruð, sagði Arnas Arnæus. Ég fæ ekki betur séð en þetta séu blöð úr sjálfri Skáldu.“ (29)⁸ Eftir að hafa þýfgað gömlu konuna um það hve blöðin hafi verið mörg í upphafi og hún játar að hafa eitt sinn slitið blað úr þessari „skinndræsu“ til að reyna að bæta með brókina hans Jóns, snýr hann sér að biskupi og talar við hann „hljóðlega“ (30). Segist hann hafa í sjö ár leitað og haldið spurnum fyrir um allt land „hvort hvergi fyndist slitur og þó ekki væri nema minutissima particula úr þeim fjórtán blöðum“ sem

7 Í ritum Halldórs má víðar sjá hugmyndina um bók sem fóstur og þá höfundinn sem þungaða konu. Í bréfi til Peters Hallberg frá 12. október 1955 skrifar Halldór: „Einsog þú veist birti ég aldrei neitt sem er skrifað í frumuppkasti, slíkt er andstætt öllum guðs og manna lögum, það má ekki skera upp ólétta konu til að skoða í henni fóstur sér til skemtuunar.“ Sjá Peter Hallberg, „Íslandsklukkan í smíðum“, bls. 141.

8 Að breyttu breytanda má hér einnig tengja fund Arnasar kenningum Luce Irigaray um *glápið*, eða „hið fallíska augnaráð“, sem fjalla um það hvernig karlar skilgreina konur og marka þeim stað með augnaráðinu. Sjá t.a.m. grein hennar „Women on the Market“ í *This Sex Which is Not One*; einnig grein Helgu Kress „Gægur er þér í augum“, bls. 135–136. Í *Íslandsklukkunni* er það karlinn, safnarinn, sem sér handritið, virðir það vandlega fyrir sér, skilgreinir það og leggur undir sig. Handritið er því að vissu leyti kvengert, enda fær það kvenkyns nafn. „Múnkalettrið“ tekur hins vegar af allan vafa um kynferði þeirra sem skrifa.

vantaði í Skáldu, „en á þetta einstæða handrit hafa verið skráð fegurst kvæði á norðurhveli heims“ (30).⁹ Biskupinn samfagnar vini sínum með handabandi. Arnas hækkar róminn og segist ætla að taka með sér „þetta ólukkans rifrildi“ (30). Hann stingur því í barm sér, vöfðu í silkidúk, og gefur gömlu konunni silfurspesíu fyrir ónæðið.

Skálda gengur síðan sem leiðarminni um *Íslandsklukkuna* alla. Hún fylgir þeim Arnasi og Snæfríði frá upphafi til enda og gæti í yfirfærðri merkingu verið skáldskapurinn um þau. Jafnframt má í henni sjá tákn þeirra bókmennta sem Halldór Laxness vannur sögu sína úr.

Kerlingabækur

Í riti eftir riti tengir Halldór Laxness bókmenntir og bækur við konur. Í fyrsta bindi minningasagna sinna, *Í túninu heima*, segir hann frá ömmu sinni sem „átti eina bók og það var mín fyrsta sögubók og hafði þann eiginleika að hún gat feingið allar sorgir lífsins til að hverfa einsog döggr fyrir sólu. Þessi bók hét Bótólfur.“¹⁰ Þau sitja á rúmi ömmunnar og hún les fyrir hann út frá myndunum í bókinni. Eins og margar aðrar bækur í verkum Halldórs tynist þessi bók. Tuttugu árum síðar rekst hann á hana „í rusli og sá að þetta voru útdrættir úr Grimmsævintýrum á dönsku. Titilblað og fyrsta blað vantar framanaf.“ (45) Hann minnst einnig Halldóru Álfisdóttur sem segir honum sögur og ævintýri, „þá óprentuð en nú má lesa í stóru útgáfunni af Þjóðsögum Jóns Árnasonar“ (107). Hafði Halldóra þá aðferð eins og „Seheresade brúkar í Þúsund og einni nótt, að hætta sögu þá er hæst fram fer og fresta afganginum til morguns.“ (107) Amman segir hann að hafi verið öll í kvæðum og vísum „en sögur hennar voru venjulega stuttar, oft ekki annað en undirbúníngur að hnyttilegu tilsvári, stundum dálítið nöpru.“ (108) „Halldórusögur“ voru hins vegar „svo langar að það varð að skifta þeim niður á marga

⁹ Lýsingin stemmir engan veginn við hina „raunverulegu“ Skáldu, AM 162 8vo, sem er pappírshandrit frá um 1700 með bragfræðilegu efni, og er þetta enn dæmi um hvernig Halldór sveigir sagnfræðina undir skáldskapinn.

¹⁰ Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 43. Vitnað er til heimildar neðanmáls í fyrsta sinn sem rit er nefnt, eftir það verður vísað til blaðsíðutals í sviga fyrir aftan hverja tilvitnun í meginmáli.

daga“ (107). Stundum segist hann hafa heyrt „kellíngarnar“ bera saman bækur sínar um mismunandi afbrigði af þulu. Sögur um „kolbíta einsog Skyrpokalat“ heyrði hann fyrst „í munnlegri frásögn Halldóru og sá ekki á prenti fyren í stóru útgáfu Þjóðsagna Jóns Árnasonar“ (107).

Sögur „kellínganna“ eru munnlegar, það er eftir að skrifa þær upp og prenta, og hvort tveggja gera karlar. Fyrsta reynsla Halldórs af bókum er þó einnig tengd konum, því eins og amman á Halldóra líka bók, eða öllu heldur handrit:

Afturámóti var í eigu Halldóru sú bók sem ég vil kalla upplifun bernsku minnar í bókmentum þegar Bótólfi sleppir; það var Adams saga í handriti frá fyrri tímum, skrifuðu á mjög leiðinlegan pappír. Bókin var nákvæmlega á sama pappír og eins að frágangi og ummáli og sú 17du aldar uppskrift af Snorraeddu sem ég sá einusinni í Trekt (og hafði þann heiður að bjarga, eða réttara sagt, láta bjarga frá glötun). Bókin var skriðin á hornum og röndum og mörg blöð ill-læsileg ýmist af óhreinindum og fituklessum, ellegar sum blöðin virtust hafa legið í böglíngi að minstakosti einn eða tvo mannsaldra í senn og illgerlegt að slétta úr þeim. (109)

Hér er Halldór kominn í hlutverk Arnasar Arnæusar, að finna bögglað Eddu-handrit sem „ógerlegt“ eða „illgerlegt“ er að slétta úr og bjarga því frá glötun. Segir hann að þeir í Trekt hafi verið búnir að stinga „járn-gaddi gegnum Snorra eftir sömu aðferð og reikníngrar eru festir á nagla“ (110). Þá var handrit Halldóru „í meira lagi fornescjulegt að stafagerð, rétt-ritun og stílsmáta“ en eins og Arnas rýndi í Skáldu „braust“ Halldór „gegnum þetta annarlega lesmál“ (110). „Því miður,“ segir hann, „hefur bók Halldóru týnst með öllu“ (110). Það gerðu einnig stökur hennar, sem hún gat kastað fram réttkveðnum „um hvað sem var, hvenær sem var“ (110), en gleymdi jafnharðan sem og aðrir. „Leið svo skáldskapur þessi útí bláinn einsog ekkert hefði ískorist.“ (110) Í *Íslandsklukkunni* er Halldóra Álfsdóttir orðin að Helgu gömlu Álfsdóttur sem „situr á rúm-stokk sínum og orkerar þegar aðrir sofa“ og segir Snæfríði lítilli ævintýri og síðar af fólki sem hefur ratað í raunir. „Það var einsog þjóðlífið liði hjá, öld af öld, þegar hún sagði frá.“ (164)

Þegar Halldór er orðinn læs les hann í hjásetunni þýddar skáldsögur

vestur-íslensku blaðanna, „stimplaðar Lestrarfélagi kvenna í Reykjavík, og hafði vinkona okkar feingið þær léðar með skírskotun til þess að betrikonur í bænum hefðu öðru að sinna en liggja í rómönnum um hásumarið.“ Þessar útlendu skáldsögur kvennanna setur hann upp sem andstæðu hinna opinberu og viðurkenndu íslensku bókmennta, því að þær „voru víst til sanns ekki útgefnar af Fornfræðafélaginu.“ (*Í túninu heima*, 220)

Hálfri öld eftir kvennabókmenntir bernskunnar tekur Halldór svári íslenskra kvenrithöfundar í kerlingabókaumræðunni miklu sem hófst upp úr 1960¹¹ og í minningu Halldóru Álfadóttur skrifar hann í *Íslendíngaspjalli* langan kafla þeim til varnar:

Menn hafa fyrir satt að barnfóstrur förukönur sýsluþrot og öskukellíngar áður fyrri hafi haft svo gott málfar þó ólæsar væru, eða réttara sagt einmitt fyrir þá sök, að hvað sem skrifað var upp eftir þeim orði til orðs, þá er það klassískt mál. Ég man sjálfur eftir svona kellingum úr æsku minni, fleirum en einni og fleirum en tveim, til dæmis Halldóru gömlu Álfadóttur er sagði mér söguna af kolbítinum Skyrpokalat sem hvergi er til á prenti og ég er því miður búinn að gleyma.¹²

Hann telur það einstætt í Evrópumeningunni að vinsælustu höfundar á Íslandi þessi árin séu „nokkrar sveitakonur úr hópi þeirra örfárra íslendínga sem teljast mega ólæsir og óskrifandi eftir venjulegum barnaskólamælikvarða,“ og hann hrósar íslenskum almenningi fyrir þá ást sem þeir leggja við þessa „sérkennilegu sögusmiði, sem ekki aðeins skrifa betur fyrir sig en háskólamentaðir menn upp og ofan, heldur eru þjóðlegir sagnamenn í beinu framhaldi af ævintýrakellingunum okkar gömlu“ (89). Þarna séu „þær gömlu góðu kellingar endurrisnar í nýju landi, gerbreyttu þjóðfélagi, öðrum heimi“ og hann hvetur þá sem rannsaka þjóðlíf og þjóðlegar bókmenntir „að lesa verk þeirra ofan í kjölinn, og svo annarra skáldsystra þeirra svipaðra“ (89), bæði til að skýra rök þessa skáldskapar og vinsældir hans.

11 Nafngiftin „kerlingabækur“ var notuð jöfnum höndum um vöndar bókmenntir og bókmenntir eftir konur og einkenndi alla íslenska bókmenntaumræðu á sjöunda og áttunda áratugnum. Sjá grein Helgu Kress „Bækur og ‘kellingabækur’.“

12 Halldór Laxness, *Íslendíngaspjall*, bls. 88.

Í huga Halldórs eru bókmenntir kvennanna fyrst og fremst munnlegar með rætur í nafnlausri íslenskri alþýðuhefð. „Kellingarnar“, sem hann ævinlega nefnir svo, eru fremur varðveitendur en höfundar, þær eru „sveitakonur“, og sumar hvorki læsar né skrifandi, svo að karlar verða að skrifa upp eftir þeim, búa til prentunar og gefa út.¹³ Annars týnist það og líður út í bláinn eins og stökur Halldóru Álfadóttur.

„*Hvur fjandinn er annars kallmaður?*“

Úr þessum jarðvegi íslenskra kerlinga spretta fyrstu skáldskapartilraunir Halldórs, en frá þeim segir hann í *Í túninu heima*. Hann skrifar mikið af handritum sem verða að rusli og móðir hans brennir. Fyrstu nafngreindu skáldsögu sína semur hann tólf ára eftir að hafa verið sendur til Reykjavíkur til náms, en hefur áður haldið mikla handritabrennu, ákveðinn í að hætta að skrifa. Það getur hann þó ekki og tekur til við langa skáldsögu:

Eftir að ég hafði verið sendur suður haustið sem ég var tólf ára, til þess að nema dráttlist og hljóðfæraslátt, skrifaði ég róman á móti Endurlausnarkenníngunni. Það er ein sú leingsta skáldsaga sem samin hefur verið á íslensku, enda miðaði ég stærð hennar við Eldíngu eftir frú Torfhildi Hólmi, sem Þórður Sigtryggsson var vanur að nefna Saffó Íslands af stríðni við landa sína. Bók Torfhildar fjallaði um sigur kristinnar á Íslandi í fornöld. Til áréttingar kallaði ég mína bók Aftureldíngu. (148)

Segir Halldór að handritið muni enn hafa verið til um 1930 „því það ár rendi Erlendur Guðmundsson yfir það augum og sagði að ég hefði 12 ára dreingur skrifað einsog Kristín Sigfúsdóttir sem var mikill tískuhöfundur hér á landi þá og kölluð Selma Lagerlöf Íslands“ (148). Líklega hafi svo „þetta mikla ritverk“ lent uppi á loftbitum í húsi móður sinnar „eftir að hún fluttist til Reykjavíkur, og borist burt með rusli“ (149).

13 Í frumdrögum *Íslandsklukkunnar* ætlaði Arnas að gefa Skáldu út. Í einni af mörgum upprifjunum sögunnar um fund Skáldu segir Arnas við Jón Hreggviðsson: „Ég minnst þess þegar við komum til þín á Akranesi og fundum blöðin úr þessari ágætu bók, sem það á að vera mitt lífsverk að búa til prentunar og gefa út fyrir heiminn.“ Sjá Peter Hallberg, „Íslandsklukkan í smíðum,“ bls. 163.

Söguna skrifar hann eftir að hafa verið „sendur“ að heiman, tólf ára gamall, til veturdvalar í höfuðstaðnum, samlífið við móðurina og sveitina rofið. Þannig má líta á söguna sem hans manndómsraun og að með henni sé hann á vissan hátt að skrifa sig frá „kerlingum“ bernskunnar. Það er ekki aðeins að hann skrifi söguna gegn fyrsta nafngreinda íslenska kvenrithöfundinum, uppnefndri „Saffó Íslands“, heldur kemur „tískuhöfundurinn“ Kristín Sigfúsdóttir þar einnig við sögu, öðru nafni „Selma Lagerlöf Íslands“, en að dómi Erlends Guðmundssonar skrifaði Halldór eins og hún áður en hann varð að manni. Það eru karlar sem kveða upp dóminn, og til íslenskukennara síns, Jakobs Smára, fer Halldór „uppbelgdur með Aftureldínguna“.¹⁴

Vorið sem Halldór varð 13 ára kemur hann heim úr Reykjavík „með rómaninn á móti Endurlausnarkenníngunni undir hendinni“ (149). Þessi fyrsta og týnda skáldsaga, skrifuð gegn Torfhildi Hólm, er honum mjög hugleikin því að í *Í túminu heima* nefnir hann hana fjórum sinnum, og þar af þrisvar í sambandi við eyðileggingu hennar. Sjálfum virðist honum blöskra hvað þessi saga er honum ofarlega í huga því að í annað skiptið sem hún kemur fyrir kallar hann hana „margumræddan reyfara á móti Endurlausnarkenníngunni og frú Torfhildi Hólm“ (170). Móðir hans ríkir yfir handritum hans, varðveitir þau eða eyðir þeim. Eftir þá miklu sorg sem hann varð fyrir þegar hún brenndi bernskuhandritum hans brennir hún aldrei neinu:

Þó hygg ég hún hafi áratugum síðar brent nokkrum gömlum sendibréfum og dagbókarlitrum upprunnum frá mér, eftilvill einnig fyrrgreindum róman Aftureldíngu á móti Endurlausnarkenníngunni og frú Torfhildi Hólm. Hafi svo verið var mér þetta drasl reyndar laungu gleymt uppá þverbitum, og hafi hún sæl tortímt því; ég hygg það muni taka af síðari mönnum óþarfa áreynslu í bókmentarannsóknum. (205)

Undir lok bókarinnar kemur þessi eydda saga enn fyrir í eins konar niðurstöðu þar sem segir að þótt hann hefði tólf ára gamall verið svo fastráðinn í að segja skilið við fyrra líf sitt að hann hafi brennt ritsafni

14 Halldór Laxness, *Sjömeistaragan*, bls. 47.

sínu „einsog það lagði sig daginn áður en ég fór, þá liðu ekki nema fáeinar vikur áður en ég var [...] tekinn til að semja þessa stóru skáldsögu Aftureldingu á móti Endurlausnarkenníngunni og frú Torfhildi Hólmi“ (247). Þannig verður þessi langa skáldsaga Torfhildar að eins konar stökkpalli fyrir Halldór upp á rithöfundarbrautina.

Í *Sjömeistarasögunni*, öðru bindi minningasagna sinna,¹⁵ segir Halldór enn frá vetri sínum í Reykjavík, „þegar ég fór í bæinn fyrst, 12 ára, til að læra myndlist og tónlist og fleiri listir, að því ógleymsdu sem oft hefur verið viðlag á þessum blöðum, að ég ætlaði mér að verða stórskáld á borð við frú Torfhildi Hólmi.“ (104) Hann rifjar upp þegar hann kom aftur í húsið þar sem hann skrifaði söguna og hugsaði „til þeirrar úngbornu tíðar þegar maður sat hér tólf ára [...] og tókst að skrifa fræga bók sem þó var aldrei lesin af öðrum en höfundinum sjálfum, utan grautað eitt-hvað í henni af Jakobi Smára, skáldsöguna Aftureldingu (nú brunnin). Þá var ég sumsé tólf ára, nú bráðum sautján.“ (106)

„Afturelding“ er síðasta handritið sem móðir hans brennir en úr öskunni rís annað sem kemst af. Þegar Halldór er um það bil að flosna upp úr námi í menntaskólanum trúir hann föður sínum fyrir því að hann sé að skrifa bók:

Nú var svo langt komið, sagði ég, að bók mín var byrjuð að rísa, og þegar ég væri búinn að fara yfir drafið einusinni enn, mig minnir í fjórða sinni, færi hún að slaga hátt uppí Eldínguna eftir Torfhildi Hólmi, skáldkonu sem ég hafði frá bernsku sett mér það markmið að skrifa betur en hún. (43)

Faðir hans gluggar í „þetta krabb“ og um leið og hann skilar því „slétti“ hann „með handarjaðrinum úr svínseyrunum á blöðunum“ (44), ekki ólíkt Arnasi sem reynir að slétta úr Skáldu. Þessi bók var *Barn náttúrunnar*, sú fyrsta sem kom út eftir Halldór Laxness, sem þá var orðinn sautján ára, og kostaði móðir hans útgáfuna að föður hans látnum.¹⁶ Rithöfundur var orðinn til – og um leið karlmaður.

15 Í öllum minningasögnum fjórum vikur Halldór að „Aftureldingu“, þó aðeins stuttlega í *Úngur eg var*, þar sem hún þó er látin marka tímaseið: „Á árunum sem ég samdi Aftureldingu [...]“ (27).

16 Sbr. *Sjömeistarasöguna*, bls. 113, og *Úngur eg var*, bls. 199–200.

Í síðasta bindi minningasagnanna, *Grikklandsárinu*, vitnar Halldór í Guðmund frá Miðdal sem hafi sagt að átján ára aldurinn væri „gott ár fyrir stráka og ef ekki best í ævi kallmanns,“¹⁷ og hann spyr:

Hvur fjandinn er annars kallmaður? Er það maður sem getur samið skáldsögu samkvæmt raunsæri landbúnaðarstefnu? Eða maður sem kann að klambra saman bókum með öfugum forteiknum við þá bölv-aða skömm Konerne ved Vandposten eftir Knut Hamsun? Ég var sumsé orðinn átján ára og það gerðist ekki neitt; og þó —

Reyndar hafði ég innan fermíngar skrifað rómaninn *Aftureldingu* á móti biblíusögunum um það leyti sem kvenmenn á ýmsum aldri fóru að bregðast við mér einsog konur. (80)

Hér tengir hann „*Aftureldingu*“ við þá manndómsraun sem felst í því að verða að karlmanni í augum kvenna og nú þegar hann hefur rutt kvenrithöfundinum úr vegi getur hann farið að kljást við einn frægasta karlrithöfund samtímans. Það er athyglisvert að Halldór nefnir hér ekki að sína fyrstu sögu hafi hann einmitt skrifað „með öfugum forteiknum“ við *Eldingu* eftir Torfhildi Hólm. Nafn hennar er horfið og saga hennar orðin að biblíusögum fyrir börn.

Í öllum þessum frásögnum af „*Aftureldingu*“ kemur það hvergi fram um hvað sagan fjallaði. Í *Heiman eg fór* sem Halldór skrifaði rúmlega tvítugur, þ.e. hálfri öld á undan minningasögunum fjórum, segir hann frá því þegar hann var sendur til Reykjavíkur veturinn áður en hann fermdist:

Sá atburður var merkastur þess vetrar, að ég færðist í fang samningu skáldverks. Rit mitt fyrsta er mikil saga, lítið innan við þúsund blaðsíður skrifaðar, og heitir *Dagrenning*.¹⁸

Segist hann fátt muna um „*Dagrenningu*“ nema hann hafi reynt „að líkja eftir frásagnarhætti Björnstjarna Björnssonar“ (27) og persónurnar hafi verið „glæsímenni og hugsjónamenn sem hyltu skynsemistrú, unnu

17 Halldór Laxness, *Grikklandsárið*, bls. 80.

18 Halldór Kiljan Laxness, *Heiman eg fór. Sjálfsmynd æskumanns*, bls. 27–28. Í formála segist Halldór hafa lokið bókinni haustið 1924 og hafi handritið fundist „í drasli“ (5) sem hann hafði skilið eftir hjá frönskum munkum suður í Evrópu.

kærleiksverk og geingu á Guðs vegum. [...] Hugleiðingar voru þar um – og ádeilur á – alt sem ég vissi að var til.“ (28) Verkið sýndi hann ekki neinum, það hvarflaði ekki að honum að láta það birtast á prenti og hann týndi bókinni um svipað leyti og hann lauk henni.

Þetta er augljóslega sama frásögnin og í minningasögunum, nema hér er ekki minnst á Torfhildi. „Afturelding“ er við dæmigerða yfirfærslu (og yfirbreiðslu) orðin að „Dagrenningu“, sem er orð sömu merkingar en kallast engan veginn á við nafnið „Elding“. Ekkert gefur til kynna að þetta hafi verið söguleg skáldsaga en þó örlar á andófi gegn endurlausnarkenningunni. Það er engu líkara en Halldór, sem var nýbúinn að gefa út sína fyrstu bók og er orðinn að rithöfundi, hafi ekki getað kannast við, hvorki fyrir sjálfum sér né öðrum, að hafa skrifað sitt fyrsta verk fyrir áhrif frá kvenrithöfundinum Torfhildi Hólm.¹⁹ Eini áhrifavaldurinn sem hann nefnir er Björnsterne Björnson, annar frægasti karlithöfundur samtímans.

Sagan er bæði sönn og ósönn

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm (1845–1918) er fyrsti íslenski rithöfundurinn sem skrifar sögulegar skáldsögur og hún er jafnframt fyrsti Íslendingurinn sem hefur ritstörf að atvinnu. Hún varð þrítug ekkja eftir eins árs hjónaband og fluttist þá vestur um haf þar sem hún átti heima frá 1875 til 1889, fyrst á Nýja Íslandi og síðan í Winnipeg. Skáldsaga hennar, *Brynjólfiur Sveinsson biskup. Skáldsaga frá 17. öld*, sem kom út í Reykjavík árið 1882 (og í annarri útgáfu 1912), er ekki aðeins fyrsta íslenska sögulega skáldsagan heldur jafnframt fyrsta skáldsagan eftir íslenska konu. Aðrar

19 Eftir að þessi grein var frágengin rakst ég á athyglisverða ritgerð eftir Hermann Stefánsson á vefritinu Kistan. Ber hún nafnið „Inn í öngstrætið. Gluggað og grautað í skáldsögu sem ekki er til“ og fjallar um „Aftureldingu“ Halldórs út frá þeirri spurningu hvort sagan hafi nokkurn tímann verið til. Hermann bendir á að sögunnar sé fyrst getið í minningasögunum Halldórs frá áttunda áratugnum þegar kvenfrelshreyfingin er í algleymsi og þær „Saffó og Selma Lagerlöf hafa að sönnu hafið innreið sína á Íslandi“. Þannig kunnir frásögnin af „Aftureldingu“ sem í raun hafi verið stefnt gegn höfundargildi Torfhildar fremur en endurlausnarkenningunni að fela í sér írónískt endurlit, „ofstopafull viðbrögð hins unga Halldórs við kvenrithöfundum sem eiga sér hliðstæðu í kynjabaráttu áttunda áratugarins.“ Þar með hylli Halldór óbeint sagnagerð íslenskra kvenna og Torfhildi Hólm sem með sögulegum skáldsögum sínum hafi skapað andrúmsloft fyrir skáldsöguna á Íslandi. Ritgerð Hermanns birtist síðar sem kafli í bók hans *Sjónhverfingum* (2003), bls. 53–68.

sögulegar skáldsögur hennar eru *Elding. Söguleg skáldsaga frá 10. öld*, 1889, *Jón biskup Vídalín*, sem birtist í ársriti hennar *Draupni*, 1. og 2. árgangi, 1892–1893, og loks *Jón biskup Arason*, í 6.–12. árgangi *Draupnis*, 1902–1908. Einnig gaf hún út sögulega ævintýrið *Kjartan og Guðrún*, 1886,²⁰ skáldsöguna *Högni og Ingibjörg*, 1889, og tvö smásagnasöfn, *Sögur og ævintýri*, 1884, og *Smásögur handa börnum*, 1886. Þá var hún fyrsta konan sem gaf út tímarit á Íslandi, ársritið *Draupni*, 1891–1908, barnatímaritið *Tíbrá*, 1892–1893, og mánaðarritið *Dvöl*, 1901–1918. Í Vesturheimi safnaði hún þjóðsögum meðal Íslendinga og var úrval þeirra gefið út undir nafninu *Þjóðsögur og sagnir* árið 1962. Upphaf að *Ritsafni* Torfhildar kom út í tveimur bindum á árunum 1949–1950 með *Brynjólfi Sveinssyni biskupi og Jóni biskupi Arasyni*, en á því varð ekki framhald.²¹

Bækur Torfhildar urðu vinsælar meðal almennings, einkum *Brynjólfi biskupi*, en þeim var illa tekið af ritdómurum sem fæstir létu þess ógetið að hún væri kona, og það bæði einstæð og ómenntuð. Sjálf gerði hún sér vel grein fyrir brautryðjandastöðu sinni sem kvenrithöfundur í bókmenntahefð karla, og í bréfi frá því um aldamótin 1900 segir hún: „Ég var sú fyrsta, sem náttúran dæmdi til þess að uppskera hina beisku ávexti gamalla, rötgróinna hleypidóma gegn litterærum dömum.“²² Torfhildur ritar gjarnan eftirmála að bókum sínum þar sem hún lýsir skáldskaparfræði sinni um leið og hún afsakar sig og réttlætir skrif sín með sagnfræðinni. Með því tengir hún sig kvennahefðinni, hinu viðurkennda hlutverki kvenna sem varðveitenda.²³

Í eftirmála að fyrstu skáldsögu sinni, *Brynjólfi biskupi*, ræðir hún um samband hennar við hinn sögulega veruleika og segir:

20 *Kjartan og Guðrún* er fyrsta íslenska sagan með efni úr Íslendingasögu. Áður hafði Júlíana Jónsdóttir (1838–1917) samið fyrsta íslenska leikritið með slíku efni, *Víg Kjartans Ólafssonar*, sem sýnt var í Stykkishólmi vorið 1879. Báðar sækja þær efni í kvenlegt sjónarhorn *Laxdælu* og ryðja þannig öðrum sögulegum skáldverkum braut.

21 Gott yfirlit yfir ævi og störf Torfhildar er að finna í inngangi Finns Sigmundssonar að útgáfu hans á *Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. Þjóðsögur og sagnir*. Sjá einnig Gerður Steinþórsdóttir, „Brautryðjandinn Torfhildur Hólm“, og Björg Einarsdóttir, „Fyrsti íslenski kvenrithöfundurinn“.

22 Vitnað til eftir Vilhjálmí Þ. Gíslasyni, „Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm“, bls. VIII. Hann getur því miður ekki nákvæmari heimilda og hefur mér ekki tekist að hafa uppi á þeim.

23 Hér er það einkar athyglisvert að víða um lönd er sögulega skáldsagan rakin til kvenna. Sjá m.a. *The Penguin Dictionary of Literary Terms and Literary Theory*, bls. 357 og 383.

Sagan er bæði sönn og ósönn. Þótt jeg hafi valið henni þau nöfn, sem einu sinni stóðu á lista hinna lifendu, eru þó mörg atvikin sköpuð. Jeg hef farið sem næst þeirri mynd, sem ímyndunarafl mitt hefur gefið þessum mönnum.²⁴

Lýsing Torfhildar á eigin verki er mjög í samræmi við seinni tíma skilgreiningu á sögulegri skáldsögu – sem endurskapar veruleikann, blandar saman sagnfræðilegum og skálduðum atburðum, byggir á rannsókn og miðar að sannfræði.²⁵ Hún segir að sagan víki oft „frá hinu rjetta“ eða því sem hún ýmist kallar „frummynd“ (307) eða „líking hins sanna“ (308) og sé það „mikil vorkunn þar sem ekkert verulegt, sem augað eða eyrað getur óhult stutt sig við [sé] fíánlegt“ (307) og gamlar lýsingar og myndir sýni ekki heldur raunveruleikann. Þetta er mjög nútímalegt viðhorf. Heimildirnar eru sem sagt búnar til, teiknaðar eða úr tungumáli, og þannig á vissan hátt skáldskapur sjálfar. Í lokin svarar hún fyrirfram þeirri gagnrýni sem yfir henni vofir, vísar til sannfræðinnar og gleymdrar sögu liðinna alda og biður þá sem hæfari eru að gera betur:

En þyki lesaranum jeg hafa dregið skapferli svo mikils háttar manna, til dæmis Brynjólfs biskups, ósamhljóða og of auðvirðilega fram fyrir augu almennings, þá stendur öllum enn þó opið að gjöra betur, og væri vel, ef blöð þessi yrðu til að minna þá sem mjer eru færari á gleymda fjársjóðu margra alda, sem mig vantar ekki vilja, heldur hæfilegleika til að leiða fram í fullkominni frummynd sinni. (308)

Í *Þjóðólfi* 24. júlí 1882 birtist ritdómur um söguna eftir ritstjóran Jónas Jónasson frá Hrafnagili. Hann byrjar á því að taka það fram að sagan sé sprottin „út úr veikluðu og spentu ímyndunaraflí“. Geri hún lítið annað en þræða hjúskapar- og heimilislíf Brynjólfs biskups eftir *Árbókum Espólíns* og hafi „höfundurinn hræðilega strandað á því skeri, sem mörgum

24 Torfhildur Hólm, *Brynjólfur Sveinsson biskup*, bls. 307.

25 Sbr. *The Penguin Dictionary of Literary Terms and Literary Theory*, bls. 383. Þar segir undir „Historical Novel“: „A form of fictional narrative which reconstructs history and recreates it imaginatively. Both historical and fictional characters may appear. Though writing fiction, the good historical novelist researches his or her chosen period thoroughly and strives for verisimilitude.“

verður, er reyna að semja skáldsögur út úr sögunni, enn eru eigi færir um, að hún ræður ekki við efnið.“ Það er henni „langt of vaxið“, enda ófróð „um kúltúr eða mentun og menning hérlendis á 17. öld“ og geri rómantík og viðkvæmni söguna leiðinlega. Í henni sé Brynjólfur sjálfur „engin hetja, hvorki til líkama né sálar“, og hafi sagan enga þungamiðju. Þó telur hann að hún sé „að mörgu leyti laglega rituð“ og muni falla „alþýðu manna heldur vel í geð, nema eg er hræddur um, að mönnum finnist hún heldur langdregin og leiðinleg“. Þá ber hann Torfhildi saman við þær tvær íslensku konur sem höfðu gefið út eftir sig ljóðabók og segir í endurteknum úrdráttar- og skilyrðissetningum að „þó“ hann sé búinn að finna mikið að sögunni sýni hún „þó að kvenfólkið á Íslandi“ geti „líka verið með í bókmentunum, ef það reynir og hefir mentun til, enn hún þarf að vera betri enn þessar hafa haft til að bera, er reynt hafa.“²⁶

Ýmsir urðu til að verja Torfhildi, m.a. „Sanngjarn“ í *Ísafold* 1882.²⁷ Hann hrekur dæmin sem Jónas Jónasson hafði tekið um þekkingarskort hennar, leggur áherslu á að hún sé brautryðjandi og segir það eftirtektarvert „að óskólagengin kona skuli fyrst verða til þess að skýra fyrir oss sögu vora, þar sem svo mikill fjöldi er af lærðum mönnum, er hafa látið það ógjört, og það væri sannarlega órjettlátt af oss, ef vér ætluðum að drepa slíkar tilraunir með vanþakklæti, og með því að heimta af konum þá fullkomnun, sem vjer með engum rjetti getum heimtað.“²⁸ Þrátt fyrir jákvæð ummæli hefur þó bókin að hans mati fyrst og fremst uppeldisgildi fyrir alþýðu og börn. Hún vekir eftirtekt „á hinum dimma, en þó að mörgu leyti merkilega, miðaldakafla sögu vorrar“ og sé „ágæt til þess að láta börn og unglinga lesa hana til að vekja hjá þeim áhuga á sögu vorri, enda er það eitt í bókinni, sem glæðir góðar tilfinningar hjá

26 Jónas Jónasson frá Hrafnagili, „Brynjólfur Sveinsson byskup“, bls. 65. Sjálfur tók Jónas Jónasson áskorun Torfhildar um að þeir geri betur sem hæfari séu til sín, því að skömmu síðar kom út eftir hann skáldsagan *Randiður í Hvassafelli. Saga frá 15. öld*, byggð á frægu sífjaspellsmáli, sem m.a. er sagt frá í *Árbókum Espólins*. Í sögunni sýknar höfundur föðurinn af því að hafa legið með dóttur sinni og gengur þar í berhögg við vitnisburð heimilda sinna.

27 „Sanngjarn“ var dulnefni Valtýs Guðmundssonar sem þá var skólapiltur í Reykjavík. Þegar Torfhildur komst að því hver hefði skrifað greinina sendi hún honum þakkarbréf og bókargjöf. Sjá Finnur Sigmundsson, *Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm*, bls. X-XI.

28 Valtýr Guðmundsson, „Nokkur orð um ritdóm“, bls. 75-76. Leturbreytingar í tilvitnunum, hér og annars staðar, eru heimildanna.

ungum sálum, því bæði ættjarðarást og siðgæðisandi gengur í gegnum alla bókina.“ Þá óskar hann þess að höfundur semji margar slíkar bækur, „eða þá aðrir að dæmi hennar“.²⁹

Geri þeir það betur

Sagan um Brynjólf biskup ber undirtitilinn „Skáldsaga frá 17. öld“. *Elding*, sem kemur út sjö árum síðar, hefur undirtitilinn „Söguleg skáldsaga frá 10. öld“ og mun þetta í fyrsta sinn sem heitið „söguleg skáldsaga“ kemur fyrir í íslensku.³⁰ Í löngum eftirmála að sögunni segist Torfhildur hafa gert „frummynd“ að henni á Nýja Íslandi árið 1881 en síðan lagt hana frá sér:

Eg fann, að mig skorti hina nauðsynlegustu krapta og hæfileika, er við þurfti til þess, að leysa slíkt vandaverk vel af hendi, og mig svimaði, er eg svo sem leit ofan af þessari miklu hæð, er mér fannst eg vera á stödd. Eg lagða handritið saman, og þótti mér enda við búið, að mér myndi aldrei auðnast að leggja á það síðustu hönd, og mér flugu í hug þessi orð: „Verk þetta líkist *eldingu* þeirri, er fæðist og líklega deyr án nokkurra mannlegra vitna.“³¹

Verkið er byggt á „hinum beztu og auðugustu fornfræðisbókum“ (752) og fylgja því skýringar með nákvæmum tilvitnunum. Um leið kvartar Torfhildur undan skorti á heimildum „því að fornsögurnar fræða oss mest um landnám og lögsóknir og orrustur einstakra manna“, og einnig

29 Einnig skrifaði mágur Torfhildar, Eggert Ó. Brím, langa grein henni til varnar í *Norðanfara* 24. nóvember 1882. Þá birtist heill greinaflokkur um Brynjólf biskup eftir „Anonymous“ í *Norðanfara* 7. og 18. mars, 4. og 27. júní, 3. og 9. júlí og 2. ágúst 1884. Tilefnið er saga Torfhildar sem höfundur er að mörgu leyti ánægður með, sérstaklega þar sem hún fer hvergi í bága við „hina virkilegu sögu“, en finnst embættisfærslu biskupsins ekki nægur gaumur gefinn og vill með greinum sínum bæta úr því.

30 Þetta er þýðing á dönsku „historisk roman“ og/eða ensku „historical novel“, bókmenntategund sem fyrir löngu hafði rutt sér til rúms erlendis. Í bréfi til Eiríks Magnússonar, dagsettu í Winnipeg 11. ágúst 1885, segist Torfhildur vera að skrifa „historiska sögu“. Sjá *Sendibréf frá íslenskum konum*, bls. 128. Í bréfi til Valtýs Guðmundssonar frá 1. maí 1884, kallar Torfhildur þessa tegund sagna „faktiskar sögur“. Sjá Finnur Sigmundsson, *Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm*, bls. XI.

31 Torfhildur Þ. Holm, *Elding. Söguleg skáldsaga frá 10. öld*, bls. 751. Fyrstu orðin í tilvitnuninni minna á orðalag Svövu Jakobsdóttur næstum öld síðar þar sem hún segir frá upphafi rithöfundarferils síns: „Ég fann nefnilega, þegar ég var að byrja að skrifa, mjög sárt til þess að mig skorti þá lífsreynslu sem bókmenntir virtust smíðaðar úr.“ Sjá Svava Jakobsdóttir, „Reynsla og raunveruleiki“, bls. 226.

sé bæði „mikið og margt [...] er engar sögur fara af“ (752). Vegna þessa segist hún hafa orðið „að skapa í eyðurnar til þess að mynda söguþráðinn, og jafnvel að taka ósögulega menn, þó örfáa, til þess að fylla upp í skörð þau, sem hinar sögulegu frásagnir frá samsvaranda tímabili gátu eigi fyllt.“ (753) Eins og áður svarar hún gagnrýninni fyrirfram með þeirri athyglisverðu athugasemd að „fornsögurnar sjálfar, er til grundvallar liggja, þessar þjóðargersemar,“ komi „án efa eigi fyrir augu vor í frumbúnaði sínum, sökum þess að þær hafa geymzt svo lengi í minni þjóðarinnar, áðr en þær væri ritaðar, og rengja þær þó fáir.“ (753) Þetta viðhorf til fornsagnanna, að þær séu sambland skáldskapar og sagnfræði, ritaðar sögur byggðar á munnlegum heimildum, er langt á undan sínum tíma og minnir á þau sem Halldór Laxness setur fram síðar.

Þá bendir Torfhildur enn á mikilvægi þess að skrifa um söguleg efni, sem engir hafi áður orðið til að gera, og brýnir þá sem hæfileika hafa með því að vísa til þjóðernis þeirra og frægrar fortíðar, um leið og hún setur ofan í við væntanlega gagnrýnendur:

Vel má vera, að sumum þyki sæmilegra að hreyfa ekki við því verki, sem ekki verður gert til hlítar. En þá vil eg spyrja: Hvénær verður það þá gert til hlítar? Eru eigi átta eða níu hundruð ár nægilegr hvíldartími, nægilegr boðsfrestir fyrir þá, er hafa hæfileika til þess að leggja hönd á plóginn? Eða á það að bíða til eilífdar eptir kröptum og hæfileikum, er líklega má vekja úr dái eða meðvitundarleysi á hverri öld, ef þeir eru vaktir með uppörvan og liðveizlu, í stað þess að grafa þá dýpra niðr með ómannúðlegum aðfinningum og illa rökstuddum dómum? Eða munu Íslendingar vera þeim mun snauðari en aðrar þjóðir að sögulegum ritefnum, er engir hafa látið á sér bæra í þá stefnu í margar aldir? (753–754)

Þótt Torfhildur geri svo vandlega grein fyrir markmiði sínu og efist í raun ekki um að saga hennar sé bæði „stórvirki“ og brautryðjandaverk, afsakar hún sig í nánast hverri málsgrein og biður um skilning. Hún segist svo lítið sem mögulegt sé ætla að „blanda“ sér „út í ritdómana, hversu sem þeir falla“, en minnir á að það sé „enginn hægðarleikr, svo sem lesarinn getr skilið, að færa orð og hugsunarhátt ættfedra vorra í nútíðarbúning, sízt fyrir þá eða þær, sem hafa, svo sem eg, orðið að vinna

þetta stórvirki í hjáverkum.“ Síðan bætir hún við: „Geri þeir það betr, er þar til eru færir. Vegrinn er enn öllum opinn.“ (752)

Drátt fyrir þessa varnagla fékk *Elding* mjög óvægna dóma, ekki síst í vestur-íslensku blöðunum. Einkum þótti sagan of löng og byrjaði næstum hver ritdómur á athugasemd um það. Þannig segir Björn Jónsson í löngum ritdómi í *Ísafold* 8. og 11. janúar 1890: „Það er hið lang-fyrirferðarmesta skáldrit, er birzt hefir frumritað á íslenzka tungu.“ (I, 9) Síðan snýr hann út úr orðum Torfhildar um hjáverkin og stórvirkið með því að segja að „rit þetta sje jafnvel að fyrirferðinni einni saman virðingarvert hjáverk, og það af konu, og virðingarvert áráði er það af fátækum, umkomulausum kvennmanni, að koma jafn-kostnaðarsömu riti á prent“ (I, 9). En til þess að lýsa kynslóðum liðinna alda þurfi nákvæma þekkingu, og því sé það að „margur vel fær og leikinn rithöfundur“ taki það ekki í mál „að gjöra skáldlýsing af öðru en sinni öld eða sínum samtíðarmönnum“ (I, 10). Það geri hins vegar „lítt færir viðvaningar“ og hefði höfundur „varla lagt út í þenna vanda, ef hún hefði haft glögga hugmynd um, hvert stórvirki það er, að leysa hann vel af hendi.“ (I, 10) Vegna þessa þekkingarskorts sé ritið „samúningslegt“ (I, 10) og segi fremur frá nútímamönnum en fornmönnum, en það þykir honum galli á „sögulegri skáldsögu“ (II, 14). Heitið „söguleg skáldsaga“ hefur hann í gæsalöppum sem bendir til að það sé honum áður ókunnugt. Þá líkar ritdómara ekki við spakmæli höfundar, en saknar þess að „hvergi er lýst bardaga í allri bókinni, – á þeirri miklu bardagaöld“.³²

Þá birtist langur ritdómur um *Eldingu* í *Lögbergi* 10. mars 1890 eftir ritstjóran og rithöfundinn Einar Hjörleifsson og hefst hann svo: „Sagan sjálf er 619 blaðsíður, og letrið er fremur smátt. Það hefði verið ánægjuleg viðbót við bókmenntir vorar, ef mikið hefði verið gullvægt á hverri blaðsíðunni, eða þó ekki hefði verið nema á hverri örkinni.“

32 Björn Jónsson var góður kunningi Torfhildar og ritdóminn sá hún fyrst heima hjá honum. Þann 8. janúar skrifar hún í dagbók sína: „Var eg til kvölds hjá konu Björns ritstjóra og sá þar ritdóm Eldingar, og rann í skap dálítið.“ Þann 11. janúar skrifar hún: „Regn og rusluveður eins og vant er – var eg hálf óróleg útaf allskonar ástandi. Kom síðari hlutinn af ritdómi Björns Jónssonar yfir „Eldingu“ og hann verri en hinn fyrri. Kærði eg mig hvergi.“ Sjá dagbókarblöð Torfhildar Hólm á handritadeild Landsbókasafns, Lbs 3985 4to. Tilvitnanir eru færðar til nútímastafsetningar.

(4) Síðan koma hártoganir út af nafni bókarinnar og útskýringum höfundar á því sem sagðar eru „rugl“ (4). Einnig er fundið að undirtitlinum, heitinu „söguleg skáldsaga“, sem ritdómari segir „mjög vandræðalegt“ og „í raun og veru allsendis óhafandi“ þar sem hver einasta saga sé auðvitað söguleg, og orðið „saga“ í merkingunni *mannkynssaga* verði ekki notað við hliðina á sama orði í allt annarri merkingu. Auk þess sé *Elding* „engin skáldsaga, af því að það er enginn skáldskapur í henni, eða þá að minnsta kosti mjög lítill“, heldur sé hún „samsafn af ýmsum fróðleiks-atriðum, þrjúdikana-stúfum, æfintýrum o.s.frv.“ (4). Höfundinum til hróss segir hann að hún hafi ímyndunarafli, sem sé „vitaskuld aðalgáfan, sem útheimtist til þess að framleiða skáldskap“, þótt alkunnugt sé „að villimenn, brjálaðir menn og börn“ hafi meira af því en aðrir og það kenni mönnum ekki „hver orð svara nákvæmlegast til þeirra hugsjóna“ sem fyrir þeim vaka. Þess vegna „renna náttúru-lýsingarnar í þessari bók saman í eina hræru“, „málalengingarnar“, „eintals-rausið“ og „spakmælin“ gera hana þreytandi, og tekst höfundinum sem *skáldi* „linlega“ að leiða fornöldina fram fyrir hugskotssjónir lesenda, auk þess sem hún hafi „ekki snefil af þeirri gáfu, sem kölluð er fyndni“ (4). Í lokin segist ritdómari ekki hafa minnst á „ófullkomlegleika bókarinnar“ í því skyni „að aptra frú Hólm frá að rita sögur framvegis og gefa þær út“, en til þess að hún geti „ritað bók, sem yrði sannarleg skáldsaga“ þurfi hún að afla ímyndunarafli sínu „stuðnings“ (4). Þá nefnir hann, að það kunni að þykja „ódæði“ að hann skuli hafa sagt „sannleikann um þessa bók, en ekki fyrst og fremst borið á hana hól“ þar sem frú Hólm sé þannig sett í mannfélaginu að „ýmsum óvitrum mönnum“ þyki hún vera meðal þeirra „sem hafi þau rjettindi að mega semja ljeleg rit, án þess að megi finna, þar sem hún er bæði *óskóla-gengin* og *kona*“ (4).

Í *Heimskringlu* 10. og 17. apríl birtist langur ritdómur um *Eldingu* eftir Gest Pálsson, rithöfund og ritstjóra blaðsins.³³ Hefst hann á sama hátt og þeir sem á undan voru komnir, að viðbættri aukinni áherslu á

33 Ritdómurinn er óundirritaður en í greininni „Skáldalaun“, sem ritstjóri *Lögbergs* (Einar Hjörleifsson) skrifaði gegn þá nýveittum skáldalaunum alþingis til Torfhildar, kemur fram að hann er eftir Gest Pálsson. Sjá *Lögberg* 14. október 1891, bls. 4-5.

persónu höfundar, kynferði hennar, menntunarleysi, fátækt, einstæðings-
skap og siðprýði:

Þetta er hið stórvaxnasta skáldrit, er birzt hefur frumsamið á íslenzku; öll önnur skáldrit Íslendinga eru dverg-smá hjá því. Verk þetta er hið mesta þrekvirki, sem nokkur íslensk kona hefur unnið bókmenntum Íslands. Og það hefði engin íslensk kona í sporum höfundarins getað gert öllu meira eða getað leyst annað eins verk af hendi óaðfinnanlega. Það er vafasamt hvort nokkur hefði getað það. Þegar gáð er að því, hvað efnið er umfangsmikið, er enginn hæðarleikur fyrir blásnauda, munaðarlausu og sjálfmenntaða konu að ráða við það og hefja sínar eigin frumhugsanir á það stig og búa þær þeim gervum, er samboðið yrði kallað skáldsnilli og fagurfræði þessarar aldar. (I, 2)

Eins og fyrri ritdómarar snýr Gestur Pálsson út úr orðum Torfhildar og finnst það auðsjáanlega snjallt hjá sér að tengja „blásnauda, munaðarlausu og sjálfmenntaða konu“ við frumhugsanir, fagurfræði og skáldsnilli. Þá segir hann að efnið sé laust í sér, söguþráðurinn slitróttur og gömlu og nýju ægi saman: „Fólkið hugsar og talar á víð og dreif eitthvað út í loptið, og störf þess eru óákveðin, stefna og ákvarðanir eins reikular og mest má verða.“ (I, 2) Óþokkarnir eru „aðgerðaleysingjar og ónyttjungar“ sem væri „vafalaust allt öðruvísi, ef höf. hefði sett sig inn í lunderni forn-
manna“ (2) og hann saknar óskírlífis, bardaga og blóðsúthellinga í bók-
inni. Það er auðfundið, segir hann, „að það er kona, sem skrifar hana, dæmalaust siðgóð og trúuð kona, með óvíkjanlega staðfestu, sjálfstraust og sómatilfinningu.“ (I, 2) Þá tekur hann undir skoðun félagasíns Einars Hjörleifssonar um að lítið sé um „skáldlega fyndni og spaug í bókinni“ (II, 2) en það sem virðist fara mest fyrir þrjóstið á honum er að í bókinni skuli konur hafa yfirburði yfir karlmenn. Meira að segja „hraustir farmenn og víkingar geta ekki gert ambáttum sínum hinn allra minnsta neyð-
arkost“ og „hraustmennin, hetjurnar, verða ekki einu sinni kvennsterkir menn, þegar ambáttirnar þrjózkast við boðum þeirra“ (I, 2). Þannig hafi „Helga hin fagra og töfrandi ambátt“ bitið „Álf Oddsson – hraustann Íslending – , þegar hann var að skoða í henni tennurnar“ og ekki hafi Hrafn svo mikið sem skammast sín fyrir að segja frá því að konan sem

hann „þreif úr fangi unnustans og hafði í brott með sjer“ hafi mátt betur en hann, en hann „hló í skeggið“ þegar hann sagði: „Hún beit mig og reif til blóðs mörgum sinnum, er jeg vildi sýna henni blíðu.“ (I, 2) Þá séu ekki minni „andlegu yfirburðirnir, sem konurnar hafa yfir karlmennina“ og mótmælir ritdómari því „að kvennfólk eigi að hafa og hafi andlegann þroska fram yfir karlmenn“ (I, 2). Niðurstaðan er sú að bókin sé hvorki saga né skáldskapur. Þó finnst ritdómara sjálfsagt að almenningur „hlynni að þessari einstöku og einstæðu konu, með því að kaupa bókina,“ sem hafi „– næst Biblíunni – rjett til að vera í skrautbandi, húsprýði á hverju einasta íslenzku heimili.“ (II, 2)

Þótt Torfhildur hafi ekki ætlað að blanda sér í ritdóma um bókina birtist bréf frá henni í *Heimskringlu* 12. júní 1890 ásamt vottorði frá Jóni Þorkelssyni dagsettu í Reykjavík 8. maí 1890 um sögukunnáttu hennar.³⁴ Hún segir: „Hvað því sögulega í bókinni viðvíkur, þá eru það fornfræðingarnir einkanlega sem um það geta borið, og hefi eg þess vegna snúið mjer til rektors lærðaskólans, heiðurs-doktors (af Uppsala háskóla) Jóns Þorkelssonar, sem er án efa einn með bestu fornfræðingum. Hann gerði það góðfúslega, og legg eg hjer með vottorð hans, sem eg bið yður að taka upp í blað yðar.“ (5) Vottorðið er svohljóðandi:

Eftir tilmælum frú Torfhildar Þorsteinsdóttur Hólm, sem hefr beðið mig að láta í ljós skoðun mína um *hið sögulega* í skáldsögu hennar *Eldingu*, votta eg hjer með, að eg hefi lesið þessa bók og hefi einkum haft mikla ánægju af að lesa athugagreininarnar, sem lýsa frábærum fróðleik og óvenjulega víðtækri lesningu. Frú Hólm hefir rækilega lesið allar þær Íslendinga og Noregs konunga sögur, er gerðust á þeim tíma, er skáldsagan fer fram á, og þekkir alla hina merkilegustu og mikilhæfustu menn, er þá voru uppi. Það sem til er fært úr fornsögunum, er rjett og stendr á hinum tilvitnuðu stöðum. Til þess að sannfærast um að svo væri, hefi eg flett upp flestum þeim stöðum í fornsögunum, sem til er vitnað í fyrstu hundrað athugagreininunum, og hafa tilvitnanirnar nálega undantekningarlaust reynst rjettar. Um einstaka atriði í lífi og háttum fornmanna hefi eg aðra skoðun enn frú Hólm, t.d. um það, hvað set (í skála) sé; enn eg felli eigi

34 Vottorðið birtist síðar í *Djóðólfi* 1. ágúst 1890, en án bréfs Torfhildar. Þegar Torfhildur sendi *Heimskringlu* bréfið hefur hún ekki vitað um ritdóm Gests Pálssonar.

verð á bókinni fyrir það, og skoða hana sem sérlega merkilegt og virðingarvert verk. (5)

Bréfi Torfhildar fylgdu einnig tveir ritdómar úr íslenskum blöðum sem hún biður um birtingu á en við því varð blaðið ekki. Annar ritdómurinn, eftir Skúla Thoroddsen, birtist í *Þjóðviljanum* 21. apríl 1890. Hann er mjög stuttur og hefst hefðbundið: „Þetta heljarrit er stærsta skáldsagan, sem út hefir komið hér á landi.“ (55) Það sem annars einkennir þennan ritdóm miðað við aðra sem birst höfðu um verk Torfhildar er að ritdómari kyngreininir ekki höfundinn, heldur tekur hana alvarlega sem rithöfund og blandar ekki saman bók og konu. Hinn ritdómurinn birtist í *Lýð* 14. apríl 1890 og er eftir Matthías Jochumsson. Eins og flestir fyrri ritdómarar, og reyndar Torfhildur sjálf, leggur hann mesta áherslu á sagnfræðina og hrósar höfundu fyrir „furðu mikla þekkingu á fornsögum og fornlífi“ og einnig fyrir skýringarnar sem hafi „stór mikið gildi, ekki einungis hvað þekking snertir á því, sem bókin segir frá, heldur til fróðleiks almennings um menntastig forfeðra vorra og allt þeirra athæfi“ (26). Þó verði höfundu allvíða á „hið sama og flestum þesskonar höfundum hefir verið borið á brýn, en það er að gjöra fornmennina meira og minna að nútímamönnum í *formu gerfi*“ (26). Þó hafi hún „sjaldnar og minna syndgað í þá átt en margir aðrir merkir höfundar, enda er ísl. höfundum auðveldara en flestum öðrum að hugsa og tala eins og fornmenn, því þeir einir skilja til hlítar forna lífið“ (26). Að hans áliti standa Íslendingar nær heimildum fornsagnanna en erlendir höfundar og geti því betur skilið þær og unnið úr þeim.³⁵ Hann finnur tvennt að sögunni, annað er „hinn *lauslegi, langdregni gangur*“ hennar og hitt er „skortur á *skapi og rögg* hjá mörgum persónunum“ (26). Það komi að vísu fyrir nokkrir bardagar en

35 Má vera að hann sé hér að vísa til leikritsins *Jon Arason* eftir norska skáldið Kristofer Janson sem kom út í Björgvin árið 1867, en um það skrifar hann í bréfi til Eggerts Ó. Brím, dagsettu á Móum 25. maí 1869: „Nýlega hef ég lesið „Jón Arason“ eftir Kristofer Janson og líkar mér hann hvergi rétt vel, en sumt illa, vegna vanþekkingar hans á landslagi og sögu Jóns yfir höfuð.“ Sjá *Bréf Matthíasar Jochumssonar*, bls. 156. Sjálfur hafði Matthías verið með það lengi í huga að skrifa harmleik um ævi Jóns Arasonar og minnst þegar á það í bréfi til Steingrims Thorsteinsson, dagsettu í Reykjavík 29. apríl 1862: „Hvað eg vildi segja? Hvað segirðu um Jón Arason? Má búa til tragedíu um hann?“ Sjá *Bréf Matthíasar Jochumssonar*, bls. 9.

„fáa eða enga lætur höf. sýna rögg af sér með sverð í hendi“ (26). Í lokin vekur hann athygli á því „að enginn Íslendingur skyldi fyrri verða til að nota vörn mikla sagnafjársjóð fyrir yrkisefni – að ekkja umkomulaus og einstæðingur“ skyldi fyrst „hafa hetjuþor til að rjúfa þennan sagnahaug“ og „framleiða þaðan skáldsögusmíði, sem, þó eigi sé fullkomið, lengi mun geyma nafn hennar og bera vott um mikið kvennþrek, háa sál og heitar tilfinningar.“ (26)³⁶

Hið fyrsta rit í þessa átt

Á sama tíma og ritdómarnir birtust um *Eldingu* sat Torfhildur Hólm á Landsbókasafni og aflaði sér heimilda til sögu sinnar um Jón biskup Vídalín. Að þessu viku hún nokkrum sinnum í dagbók sinni frá 1890.³⁷ Þann 16. janúar skrifar hún: „Gekk eg til frú Melsteð og drakk þar kaffi, svo sat eg uppá landsbókasafni að skrifa lýsingu á Skálholti.“ Þann 26. febrúar skrifar hún: „Ágætis veður, var eg óróleg til geðsmuna og gekk niður á landsbókasafni að skrifa upp staðarins inventarium.“ Þann 25. apríl fer hún „niður á landsbókasafni að skrifa upp úttekt eða húsaskipan Skálholtsstaðar“ og þar er hún einnig 29. apríl „að rita upp hús Skálholtsstaðar“. Daginn eftir segir svo: „Illur ritdómur í Lögbergi.“ Laugardaginn 10. maí er hún „á landsbókasafninu með Guðm apótekara að skrifa upp úr bréfabók Jóns Halldórssonar“. Þá eru ýmsir sem hjálpa henni um heimildir, t.a.m. Jón Borgfirðingur, og þann 20. febrúar skrifar hún: „Kom Jón Borgfirðingur með upplýsingar áhrærandi Jón biskup Vídalín og fékk 1 barnakver í staðinn.“ Aftur kemur hann 21. maí og færir henni „gömul skjöl“. Meðan hún var í Vesturheimi skrifaðist hún á við Jacob

36 Séra Matthías viku að þessum ritdómi í bréfi til séra Eggerts Ó. Brím, dagsettu á Akureyri 20. mars 1890, en séra Eggert, sem var mágur Torfhildar, kvæntur systur hennar, hafði lesið yfir handrit bókarinnar og „vikið sumstaðar málfærinu til fornlegri stefnu“ (sbr. orð Torfhildar í eftirmála að *Eldingu*, bls. 752). Segir Matthías að Torfhildur eigi skilið mikla þökk fyrir dugnaðinn „og þá einkum fyrir sitt mikla stúdium á fornöld vorri“ en bætir við: „Privatissime færi ég þér það þakklæti.“ Segist hann hafa dregið að rita dóm um bókina „því mér er ógeðfellt að finna að henni, úr því höf. vonast eftir öðru og á gott skilið, – þó varla komum við skapi eða skoðunum saman.“ Annars segist hann ekki vera neinn „kritikus“ og „skal dæma bók þessa svo vægt sem ég get í Lýð“. Sjá *Bréf Matthíasar Jochumssonar*, bls. 181-182.

37 Lbs 3985 4to.

Espólín í Pembina, sonarson Jóns Espólín, í von um að einhverjar heimildir væri hjá honum að finna. Í bréfi til hennar, dagsettu 24. júní 1888, afsakar Jacob að hann skuli ekki geta efnt loforð sitt og sent henni „eitt-hvað um ævi Meistara Jóns Vídalíns“ með kirkjufundarmönnum en hann sé ekki búinn „að tína það allt til, sem að eg hugsaði að eg kynni ef til vill að geta tínt saman um ævi hans og endalykt“ og svo sé það sem hann hafi verið búinn að tína saman „ófullkomið uppkast sem að ekki er nokkrum góðum og heiðvirðum manni sýnandi“. Segist hann vera „hreint hissa á því“ hvað afi sinn „sál., hefur verið sparsamur á, að geta ekki um fleira af gjörðum þessa mikla merkismanns.“³⁸

Við laugardaginn 8. mars 1890 skrifar Torfhildur í dagbókina: „Byrjaði eg að skrifa Jón biskup Vídalín. Kl. 1 um nótt kláraði eg fyrsta kaflann.“ Sagan kom út í tvennu lagi, í 1. og 2. árgangi *Draupnis* 1892 og 1893. Var henni dauflega tekið. Aðeins tveir ritdómar komu um söguna, í *Djóðólfi* 12. maí 1893, eftir ritstjórann Hannes Þorsteinsson, og *Sunnanfara*, júlí, 1893, eftir Ó.D. (Ólaf Davíðsson). Báðir eru þeir fremur jákvæðir og leggja meiri áherslu á að sagnfræðin sé rétt en skáldskapurinn góður. Þannig veltir ritdómari *Djóðólfs* því fyrir sér að hve miklu leyti höfundur hafi tekist „að sýna aldarandann, eins og hann *var* í raun og veru, eða að hve miklu leyti vér fáum hnífretta mynd af Jóni biskupi eptir sögunni“ og kemst að þeirri niðurstöðu „að hinn sögulegi (faktiski) þráður [sé] víðast hvar þræddur rétt“ (86). Það sé ekki nema „á örfáum stöðum að tímaröðinni er vikið ofurlítið við, án þess það hafi nokkur truflandi áhrif á gang sögunnar.“ (86) Ritdómur Ólafs Davíðssonar er bæði ýtarlegur og fræðilegur. Hann kyngreindir ekki höfundinn og gagnrýni hans er byggð á hlutlægum rökum, m.a. þar sem hann leiðréttir sögulegan misskilning. Hann setur söguna í bókmenntasögulegt samhengi, bæði innlent og erlent, og tekur strax í upphafi af allan vafa um brautryðjandastöðu Torfhildar í íslenskri skáldsagnagerð. Hann segir:

Eins og kunnugt er, var mjög fátt um íslenzkar skáldsögur fram undir seinustu árin, og einkum höfðu íslenzk skáld feingizt svo lítið við að semja sögulegar skáldsögur, sem svo eru nefndar, eða skáldsögur sem styðjast við

38 Sjá bréfasafn Torfhildar Hólm á handritadeild Landsbókasafns, Lbs 3983 4to.

sögu einhverrar þjóðar, að „Brynjúlfur biskup Sveinsson“, sem kom út í Reykjavík 1882 var hið fyrsta rit í þessa átt, sem gefið var út á íslenzku, og líklega hefir verið ritað á íslenzku, frá alda öðli. (3)

Heitið „söguleg skáldsaga“ notar hann síðan hvað eftir annað í ritdómnum sem sýnir að það hefur fest sig í sessi. Skilgreining hans á sögulegri skáldsögu er mjög athyglisverð en hann sér ósættanlega togstreitu milli sagnfræðinnar og skáldskaparins þar sem annað hlýtur óneitanlega að fara halloka fyrir hinu. Höfundur sögulegra skáldsagna, segir hann, verður að gæta þess „svo framarlega sem hann lýsir kunnugum mönnum, mönnum sem lifa í sögunni, að haggja ekki atburðum þeim og atvikum, sem sagan segir um þessa menn.“ Hins vegar hafi hann frjálsar hendur að því leyti „að hann þarf ekki að taka *alt* sem sagan segir um menn þá, sem höfundurinn er að lýsa.“ Hann getur „valið úr því sem hann hefir fyrir framan sig, en það sem hann tekur, verður að standa eins og stafur á bók, eins og sagan, historían, alvarleg og hlutdrægnislaus skýrir frá því.“ Því sé „verulegur skáldskapur“ ekki heimtaður í sögulegum skáldsögum sem geta þó verið „skemtilega og lipurlega samdar“. Gildi slíkra sagna kemur mest af því „hve þær eru áreiðanlegar, hve þær svara vel til tímans, sem þær eru láttnar fara fram á.“ (3) Þótt Ólafur finni engan skáldskap í *Jóni biskupi Vídalín*, fremur en í sögum Walters Scotts, þykir honum undarlegt „að Torfhildur Holm skuli ekki eingaungu fást við að semja sögulegar skáldsögur, því henni hlýtur sjálfri að vera jafnljóst og þeim sem lesið hafa öll rit hennar, að henni er sýnt um að semja sögulegar skáldsögur.“ (5)

Þriðja biskupasaga Torfhildar, *Jón biskup Arason*, kom í 6.-12. árgangi *Draupnis*, 1902 til 1908, og er þetta hennar síðasta skáldsaga.³⁹ Í formála líkir hún sér við gullgrafara og segist ætla að „ferðast í anda um

39 Leikrit Matthíasar Jochumssonar, *Jón Arason*, kom út árið 1900, en þá var Torfhildur langt komin með sögu sína um sama efni. Í formála að þriðja árgangi *Draupnis* 1895 boðar hún útgáfu hennar og segir: „En í næsta ársriti, nær sem eg gef það út, hef eg ásett mér, að öllu forfallalaus, að hafa skáldsögu af Jóni biskupi Arasyni í einu lagi.“ (3) Vera má að þessi áform Torfhildar hafi hvatt séra Matthías til að verða á undan með leikrit sitt. Í eftirmála gerir hann grein fyrir heimildum sínum og bætir við, ef til vill með yfirlýst áform Torfhildar í huga: „en sérstök eða vísindaleg saga af Jóni Arasyni, og þeim feðgum, er enn þá ósamin.“ (222)

ýmsa sögustaði miðaldanna til að leita að gullkornum þeim, sem leynast í húminu“.⁴⁰ Eins verða þeir sem „ætla sér að slæða gamlar söguhetjur, verk þeirra, áform, hvatir, þjóðernis anda, einkunnir og trúarbrögð upp úr gleymiskudjúpi miðaldanna, engu síður að vinna upp á von og óvon, þar sem sögulegir viðburðir eru færðir í letur hér og hvar og svo löng tímabil í milli, sem engar sögur fara af, en sem þó hljóta að hafa verið allt eins rík af viðburðum og hin, sem færð hafa verið í letur.“ (III-IV) Hið vandasama hlutverk söguritarans sé að fylla upp í þær eyður. Í *Jóni biskupi Arasyni* segist hún hafa orðið „að skapa atvik og viðburði eftir þeim líkum að dæma, sem felast [...] í sögulegum heimildum“ og muni hún flétta öllum þeim sögum og ævintýrum sem af honum séu til inn í söguþráðinn, „meðfram til þess að innilykja það allt í einni heild, þar sem það er nú á víð og dreif, og meðfram til fróðleiks, því að það er alltrúlegt að einhver sannleiki sé fólgin í þeim sögum, sem gengið hafa mann frá manni í margar aldir.“ (IV)

Með sögum sínum ruddi Torfhildur Hólm sögulegum skáldsögum braut í íslenskum bókmenntum. Hún bendir síðari höfundum á viðfangs-efni, söguvið og heimildir sem þeir nýta sér óspart án þess þó að geta hennar hið minnsta. Þrátt fyrir viðurkenningu ýmissa mætra samtímamanna féll nafn hennar í „gleymiskudjúpið“ ásamt þeim verkum sem hún lagði svo mikla rækt við að semja. Löngu eftir hennar dag reis sögulega skáldsagan til vega í íslenskum bókmenntum með þeim rithöfundum sem bjuggu í Danmörku og skrifuðu á dönsku. Það er varla tilviljun að síðari höfundar taka fyrir nákvæmlega sömu tímabil í sögu þjóðarinnar og Torfhildur hafði áður gert, þ.e. söguöldina svokölluðu og sautjándu öldina. Í árslok 1918 kom út í Kaupmannahöfn bók Gunnars Gunnarssonar, *Edbroðre* (á íslensku *Fóstbræður*, 1919). Sagan fjallar um landnám Íslands og þá fóstbræður Ingólf og Hjörleif. Í eftirmála annarrar útgáfu *Fóstbræðra* 1953 segir Gunnar Gunnarsson, og telur sig auðsjáanlega brauðryðjanda í því að nota efni úr sögu landsins í skáldsögu:

40 Torfhildur Hólm, „Jón biskup Arason,“ *Draupnir*, 6. árg., bls. III.

Hvenær mér datt fyrst í hug að nota atriði úr sögu landsins sem uppistöðu í sagnabálk, er ég búinn að gleyma, en snemma árs 1918 mun ég hafa verið langt kominn að við að efninu í *Fóstbræður* og farinn að hripa hjá mér aðaldrættina.

Það var ekki auðgert að ná undirtökunum. Ég var því óvanur, að vera bundinn af staðreyndum eða þá heimildum. Það var ekki orðið jafnalgengt og síðar varð, að leita aftur í tímann um söguefni og fara frjálst með. Að taka sér skáldaleyfi í bága við heimildir þótti goðgá. Reyndar hefur mér alla daga verið meinilla við að víkja frá sennilegum sögnum og atburðaröð.⁴¹

Það er athyglisvert að hann skuli vera búinn að gleyma hvenær (eða kannski hvar) hann fékk hugmyndina. Eitthvað hefur honum samt ekki verið rótt því í sama eftirmála lýsir hann draugagangi í kringum sig meðan hann var að skrifa söguna og gekk þar kona um hús hans ljósum logum. Gerði hún einkum vart við sig þegar hann sat við skrifborðið einn heima að næturlagi og bar þá við að hann fann „einhvern ónota-fiðring“ (338) í hnacka sér. Síðar skrifaði Gunnar skáldsöguna *Jón Arason* sem kom út árið 1930 (á íslensku 1948) og fjallar um nákvæmlega sama efni og samnefnd saga Torfhildar þrjátíu árum fyrr. Um svipað leyti var Guðmundur Kamban að semja sagnabálkinn *Skálholt* sem kom út á árunum 1930–1932 (á íslensku 1930–1935) og fjallar um Brynjólf biskup Sveinsson og hans fólk, söguefni Torfhildar í fyrstu íslensku sögulegu skáldsögunni. Árið 1936 kom út eftir hann skáldsagan *Jeg ser et stort skønt land* um landvinninga norrænna manna í Ameríku árið 1000. Bókina tileinkar hann „Vikingetidens Aand, bagved Modet, Højsind bagved Kraften, som i vor Tid lever i Begrebet: MANDEN FRA NORD.“ Þessi tileinkun var felld brott í íslenskri útgáfu sögunnar, *Vitt sé ég land og fagurt*, sem kom út 1945–1946. Síðan hafa sögulegar skáldsögur komið út jafnt og þétt á Íslandi og á allra síðustu árum tekið mikinn kipp með verkum sem flest sækja í fornsagnaarfinn.

41 Gunnar Gunnarsson, *Fóstbræður*, bls. 337.

Kerlingaöld í Reykjavík

„Frásaga hefur einlægt aðra frásögn að smiðvél eða fyrirmynd, stendur aldrei ein,“ segir Halldór Laxness á einum stað.⁴² „Texti er búinn til úr texta,“ segir Roland Barthes.⁴³ Það er einkenni á verkum Halldórs Laxness að hann vinnur mjög úr öðrum textum, jafnt útgefnum sem óútgefnum. Má þar nefna *Heimsljós* og dagbækur Magnúsar Hjaltasonar, *Gerplu* og *Fóstbræðra sögu*, *Paradísarheimt* og ferðasögur Eiríks frá Brúnum. Í löngu viðtali í *Þjóðviljanum* 23. desember 1944, í tilefni af útgáfu *Hins ljósa mans*, annars bindis *Íslandsklukkunnar*, segir Halldór, og annaðhvort gleymir sinni gömlu vinkonu Torfhildi eða telur hana ekki með: „Íslendingar sem rita skáldsögur á 19. og 20. öld líta ekki á fornsögurnar sem fyrirmynd í skáldsagnagerð. [...] Yfirleitt hafa menn ekki áttað sig á að þjóðin ætti svo stórfenglega skáldsagnageymd og raun er á.“⁴⁴ Segir hann að vinur sinn, prófessor Jón Helgason í Kaupmannahöfn, hafi bent sér á efnið í *Íslandsklukkuna*, þ.e. sögu Jóns Hreggviðssonar og baráttu hans við dómsvaldið, árið 1924. Eftir það hafi hann lengi verið með 17. öldina í huga og hvað eftir annað ætlað að byrja á þessu verki en ekki fundist hann hafa nógu góða þekkingu á öldinni til að skapa „sennilegt umhverfi fyrir söguna“ (4). Víkur hann víðar að því hversu lengi hann gekk með hugmyndina eftir að hafa fengið hana árið 1924 og má vera að hér komi enn kerlingar við sögu. Á þessum árum var það nefnilega ókarlmannlegt að skrifa skáldsögur. Í bréfi til Einars Ólafs Sveinssonar, dagsettu á „Múnkaþverá“ [þ.e. í klaustrinu í Clervaux] 5. mars 1923, segir hann: „Annars er sú atvinna að skrifa skáldsögur ekki fyrir aðra en hysteriskar eða fordjervaðar piparmeiar eða stúdíósa (og þá menn af 6.-7. rangs líferni) sem til nichts taugen.“⁴⁵ Í bréfi til Jóns Helgasonar, dagsettu í Laxnesi 5. nóvember 1924, sér hann ofsjónum yfir þulum sem hann segir að menn eigi ekki að vera að yrkja „þótt Sigurður Nordal sé að herma það eftir einhverjum kellíngum. (NB. hér veður alt upp

42 Halldór Laxness, *Í túninu heima*, bls. 207.

43 Þetta kemur m.a. fram í grein hans, „Frá verki til texta,“ í *Spor í bókmenntafæði*, bls. 185-186.

44 „Íslendingar eiga stórfenglegri skáldsagnageymd en nokkur önnur Evrópuþjóð,“ bls. 4.

45 Bréfasafn Einars Ólafs Sveinssonar. Lbs án safnmarks.

í kellingum, það er svo mikil kellingaöld í Reykjavík, að líkja má við rottuplágu, og vantar einhvern pied piper til að síngja þetta burt).“⁴⁶ Þetta er ekki góður jarðvegur fyrir karlriðhöfund sem ætlar að sigra Saffó Íslands og það er ekki fyrr en mörgum árum síðar að Halldóri tekst „að síngja þetta burt“. Um það segir hann í ritgerð frá 1942: „Til dæmis veit ég að höfundur einn er nýbyrjaður á bók sem hann hefur í átján ár verið biðja guðina að forða sér frá að skrifa.“⁴⁷

Andstætt Torfhildi sem leggur áherslu á að sögur hennar séu sannar og vísar ósjaldan til heimilda innan sviga í textanum sjálfum, svo sem „(sjá 9. deild Árbóka, bls. 54)“⁴⁸, eða til neðanmálgreina með árétt- ingum eins og „Sannur viðburður“⁴⁹ og „Alveg sönn saga, komin frá Finni biskupi Jónssyni“⁵⁰, tekur Halldór það hvað eftir annað fram að saga hans sé ekki „sagnfræðileg skáldsaga“. Innan á titilblað allra þriggja binda *Íslandsklukkunnar* hefur hann látið prenta þessi orð: „Höfundur vill láta þess getið að bókin er ekki ‘sagnfræðileg skáldsaga’, heldur lúta persónur hennar, atburðir og stíll einvörðungu lögmálum verks- ins sjálfs.“⁵¹ Í viðtalinu í *Þjóðviljanum* áréttar hann þetta og segir að sér detti ekki í hug að hann hafi í sögunum búið til umhverfi 17. aldar, heldur hafi hann „einungis reynt að búa til trúlegt, sennilegt umhverfi, sjálfu sér samkvæmt“ (4) innan þess ramma sem verkið setji. „Þessar bækur eru jafn ósagnfræðilegar og t.d. Njála“ (4), segir hann og tekur þar með undir skoðun Torfhildar á sannfræði fornsagnanna í eftirmála *Eldingar*.⁵² Þá segist hann víða hafa aflað sér heimilda og lesið það sem

46 Lbs 23 NF Bréfasafn Jóns Helgasonar.

47 Halldór Kiljan Laxness, „Höfundurinn og verk hans,“ *Vettvángur dagsins* (1942). Vitnað er til annarrar útgáfu (1962), bls. 333.

48 Torfhildur Hólm, „Jón biskup Vídalín,“ *Draupnir*, 2. árg., bls. 174.

49 Sama, bls. 175.

50 Sama, bls. 190.

51 Þessi fyrirvari er felldur burt í síðari útgáfum verksins, enda vandséð að „sagnfræðileg skáldsaga“ sé yfirleitt til nema þá í merkingunni „söguleg skáldsaga“, en að skilgreiningu hennar fellur *Íslandsklukkan* mætavel.

52 Í ritgerðinni „Minnisgreinar um fornsögur“ sem birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar* 2/1945 ræðir hann nánar samband sagnfræði og skáldskapar og segir: „Nú er ekki þar- með sagt að listaverk einsog Brennunjalssaga hafi eingan sagnfræðilegan stuðning eða sannsöguleg rök fyrir sér, því það hefur hún vissulega þó höfundurinn fylgi þeirri reglu góðra skálda að sveigja sagnfræðina undir listaverkið.“ Sjá Halldór Laxness, *Sjálfsgæðir hlutir*, bls. 40. Telur hann að ýmsar persónur í *Njálu* kunni að einhverju leyti að vera sann-

hann náði í af ritum aldarinnar og einnig kynnt sér margt annað, t.d. stríðrekstur Dana til forna. Um úrvinnslu sína á sögulegum heimildum segir hann:

Bóndinn í Bræðratungu hét að vísu Magnús Sigurðsson, en kona hans hét Þórdís. Hún flýði frá manni sínum, sem hafði ætlað að drepa hana með hníf og var í kynnum við Árna Magnússon þegar hann var í Skálholti; í skjölum um málið er vitnað til tíðleika milli þeirra í æsku. Magnús kærði Árna og lét lesa kæruskjal í Skálholtskirkju og urðu af þessu öllu mikil málaferli. Þórdís og biskupsfrúin voru systur, en ekki dætur lögmanns, eins og í sögunni. Biskupinn á ekkert skylt við Jón Vídalín og dómkirkjupresturinn á sér ekki neina sögulega fyrirmynd. (5)

Halldór nefnir hvergi að þetta sögulega efni hafi áður verið notað í skáldsögu, en leggur á það áherslu að „á Akureyri, þegar ég skrifaði *Hið ljósa man*, hafði ég ekki hjá mér nokkra bók, sat í hótélherbergi og vann alla daga milli þess ég svaf.“ (4) Þá er það athyglisvert að í viðtalinu býr hann beinlínis til sagnfræðilega heimild, „skjöl“ um „tíðleika“ milli þeirra Þórdísar og Árna í æsku. Fyrir þessu eru hins vegar engar aðrar „heimildir“ en skáldsaga Torfhildar, *Jón biskup Vídalín*.⁵³

Íslandsklukkan og Jón biskup Vídalín

Í bók sinni *Rætur Íslandsklukkunnar* (1981) bendir Eiríkur Jónsson á nokkur atriði sem *Íslandsklukkan* hefur augljóslega þegið af *Jóni biskupi Vídalín*. Í minniskompum Halldórs frá samningu *Íslandsklukkunnar* er ekkert sem bendir til Torfhildar eða sögu hennar. Reyndar virðast aðeins þrjár hafa varðveist og á titilblað einnar hefur Halldór skrifað: „Ein af mörgum nótisbókum frá samningu *Íslandsklukkunnar*, flestar týndar.“⁵⁴ Athyglisvert er að Jón biskup Vídalín kemur ekki fyrir í *Íslandsklukkunni* og er eins og Halldór hafi forðast hann til að koma ekki of nálægt sögu

sögulegar en hins vegar séu „litlar líkur til að þessar sagnfræðilegu persónur eigi mikið sammerkt við skáldsögupersónur Brennunjalssögu samnefndar.“ (41)

53 Um nákvæma greinargerð fyrir svokölluðum „Bræðratungumálum“ og heimildum þeirra, sjá Gils Guðmundsson, „Bræðratunguhjón og Árni Magnússon“; einnig Már Jónsson, *Árni Magnússon. Ævisaga*, einkum kaflann „Bræðratungumál“.

54 Lbs 200 NF. Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.

Torfhildar eða láta kenna sig við hana. Þó minnir nafn hans á sig í lögmanni Eydalín en biskupinn í *Íslandsklukkunni* er hins vegar nafnlaus og kemur mjög sjaldan fyrir. Saga Halldórs er því engin biskupasaga.

Eins og Torfhildur gerir grein fyrir í eftirmála sögu sinnar studdist hún einkum við *Árbækur Espólíns* og ævisögu Árna Magnússonar eftir Jón Ólafsson frá Grunnavík. Halldór notar einnig þessar heimildir en hefur auk þess úr miklu fleirum að móða, t.a.m. bréfasafni Árna Magnússonar og málskjöllum sem Torfhildur hafði ekki aðgang að. Hins vegar er ýmislegt sameiginlegt með sögum þeirra sem hvergi er að finna í sagnfræðilegum heimildum. Ber þar hæst ástarsambandið sem er annar meginþráður *Íslandsklukkunnar* og búið til af Torfhildi.⁵⁵

Af þeim atriðum sem Eiríkur Jónsson bendir á í bók sinni eru líkindin með upphafskafla *Hins ljósa mans* og öðrum kafla síðara bindis *Jóns biskups Vídalíns* mest sláandi. Báðir gerast kaflarnir í Bræðratungu þar sem Þórdís/Snæfríður situr inni við sauma þegar Magnús maður hennar kemur fullur heim, „drifvotugur og forugur“ hjá Torfhildi (2. árg., 14), en „blóðugur, skrámaður og hruflaður“ hjá Halldóri (155–156), misþyrmir henni og kallar „frillu“ hjá Torfhildi (2. árg., 14), en „dækju“ (156) og „hórkonu“ (157) hjá Halldóri og fer að dylgja um ást hennar á Árna/Arnasi. Þessar frásagnir eru svo líkar að það getur ekki verið tilviljun. Annað atriði sem á sér enga sögulega stoð er hringurinn sem Árni gefur Þórdísi/Snæfríði. Í *Íslandsklukkunni* prýddi þessi hringur áður hönd suðrænnar tignarkonu og sendir Snæfríður Árna hann aftur sem jarteikn. Hjá Torfhildi er jafnræði í hringagjöfnni. Þau Þórdís og Árni skiptast á hringum sem þau hafa fengið, hann frá föður sínum, hún frá móður sinni. Þessir hringar passa reyndar ekki, þar sem karlhringurinn er of stór fyrir Þórdísi og kvenhringurinn of lítill á Árna. Þetta finnst Þórdísi fyrirboði um að þau farist á mis.

Sviðsetningar sögustaða koma fyrir í fyrsta skipti (eftir Íslendingasögur) í ritum Torfhildar, og eru það einkum Þingvellir, Skálholt og Kaupmanna-

55 Í grein sinni „Þættir úr sagnfræði Íslandsklukkunnar og lögmál skáldverksins,“ bendir Helgi J. Halldórsson á að engar heimildir séu til fyrir ástinni í sögunni og sé hún „frá höfundinum“ (132). Það er alveg rétt, en sá höfundur er ekki Halldór Laxness, heldur Torfhildur Hólm. Hana nefnir Helgi hins vegar ekki í grein sinni.

höfn, þrjú meginsvið *Íslandsklukkunnar*. Fyrsta íslenska sögulega skáldsagan, *Brynjólfur Sveinsson biskup*, hefst á svofelldri lýsingu á Þingvöllum:

Þingvöllur, þessi fagri, ógleymanlegi endurminningarstaður allra Íslendinga, þessi samkomustaður vitsmuna og hreysti fornaldarinnar, en undrunar- og uppgötunarstaður seinni tíma – frá hve mörgum atburðum, sem nú eru fallnir í gleysku, mundi hann ekki geta sagt. (1)

Hér verður sögustaðurinn beinlínis að uppsprettu frásagnar og svipað kemur fyrir í *Íslandsklukkunni* þar sem landslag og saga renna saman í skynjun Snæfríðar: „Hún reikaði enn stundarlángt um þennan helga stað Þingvelli við Öxará þar sem fátækir menn hafa verið þíndir svo mikið að seinast fór bergið að tala.“ (320–321)

Jón biskup Vídalín hefst á mikilli lýsingu á Skálholtsstað og landinu í kring með Tungufljót í forgrunni: „Mikið vatnsfall rennur eptir miðri sveitinni, kallað Tungufljót.“ (1. árg., 1) Og svo hefst einnig *Hið ljósa man*: „Tungufljót líður fram lygnt og breitt með þúngum straumi.“ (153) Í frumdrögum sögunnar hljóðar upphafið svo: „Eins og lýst hefur verið í bókum fellur Tungufljót með hörðum straumi fyrir austan Skálholtsstað.“⁵⁶ Yfir fyrstu orðin hefur síðan verið strikað og tilvitnuninni í aðrar bækur eytt. Yfirleitt snýr Halldór við staðarlýsingum Torfhildar, dregur úr glæsileikanum, og á þetta bæði við um Þingvelli og Skálholt. Hjá henni er biskupssetrið t.a.m. höfðinglegt og upphafið. „Hús staðarins voru þá mörg og stór.“ (1. árg., 2) Hjá Halldóri skipta torfkofarnir „hundruðum, sumir snaraðir, með sviðna þekju og úr greinum geingnir“ (51).

Þá er áhugavert að sjá hvernig þau Halldór og Torfhildur bregðast við sömu sagnfræðilegu heimildum, ekki síst út frá kynjasjónarmiði. Sem dæmi má taka úrvinnslu þeirra á lýsingu Jóns Grunnvíkings á „húskrossinum“, konu Árna Magnússonar. Þegar hann hefur sagt frá því að yfirleitt hafi Árni virst ánægður með hlutskipti sitt, bætir hann við:

Men jeg troer dog, han havde en hemmelig Huuskors, som Ingen kunde mærke uden de som vare ham mest familiær, helst naar han var aleene og havde lidt i Hovedet, og undertiden hans bedste Venner. Reent at sige,

56 Sbr. Halldór Laxness, handrit *Íslandsklukkunnar*, Lbs 4248–56 4o.

var hans gamle Kone, som gjorde meest dertil, og uanseet han havde Midler nok, maatte han idelig høre paa, hun havde gjort ham rig, med flere Kjellinge-Historier, som ikke ere værd at anføres. To Ting gjorde ham meest Anstød, hans Giftermaal og Ildebranden.⁵⁷

Þessi gamla og ríka kona er ekki bara „húskross“, heldur er hún líka „kerling“ og kvelur mann sinn með „kerlingasögum“ sem ævisögurit-aranum finnst ekki þess virði að skrá.

Hjá Halldóri Laxness verður þessi frásögn að mikilli lýsingu á eiginkonu Árna, flagðinu „með krúnginn“ (131), algerri andstæðu hinnar ungu og íslensku Snæfríðar. Fyrir utan að vera ljót og leiðinleg, gömul, útlensk og rík, er hún einnig bækluð, en um það kemur ekkert fram í heimildum. Þannig er henni lýst þegar hún opnar hús sitt fyrir Jóni Hreggviðssyni: „Fram kemur í gættina kvensnift nokkur dvergvoxin, með krúng uppúr baki, stallmynt en hakan toguð niðrá miðja bríngu, handleggirnir oflángir og jafnmjóir, með afsleppum höndum“ (118) og horfir hún „illilega“ á gestinn. Sýnina rifjar hann síðan upp við nafna sinn Grindvicensis: „En úr því við erum farnir að tala um óskepnur þá kom hér til dyra finngálkn, blendíngur af tröllo og dverg, þó í kvenmannslíki, og hefur mér sjaldan orðið ver við að sjá nokkurt kykvendi.“ (120)

Torfhildur hefur engan áhuga á þessari heimild. Í eftirmála *Jóns biskups Vídalín* vitnar hún stuttlega til hennar, eins og sagnfræðinnar vegna, og segir: „Jón Grunnvíkingur segir um Árna, að hann hafi á seinni árum haft eitthvert leynilegt böll við að stríða“ (2. árg., 258) en sleppir að geta þess að hið leynilega böll hafi verið eiginkonan. Í sögunni kemur hjónaband Árna aðeins fyrir neðanmáls í skýringum við samtal þeirra Árna og biskups um ekkju Fischers. Þar segir: „Fischer var söðlasmiður konungs. Árni var vinur hans og giptist ekkju hans seinna.“ (2. árg., 212) Í „Stuttu yfirliti“ aftan við söguna er svo frá því skýrt að „Árni Magnússon giptist ári síðar en Þórdís dó, ekkju þeirri, sem þeir biskup ræddu um; hún var ekkja Fischers vinar hans, rík en öldruð.“ (2. árg., 236) Þarna tengir Torfhildur hjónabandið og handritasöfnunina,

57 Jón Ólafsson, „Biografiske Efterretninger om Arne Magnussen,“ bls. 49.

eins og Halldór einnig gerir síðar, því að hún heldur áfram: „Hann stundaði vísindi sín og giptist henni til fjár, en ekki ánægju; jók hann eptir það mjög sitt ágæta handrita- og bókasafn.“ (2. árg., 236) Aftur á móti nýtir Torfhildur sér orðróm hjá Jóni Espólín og býr til ástarsamband milli Jóns biskupsefnis og miklu eldri konu, Guðríðar biskups-ekku.⁵⁸ Þegar Jón fyrst tekur eftir henni er því svo lýst: „Honum varð litið á hana, augu þeirra mættust, og einhver undarleg geðshræring, er hann gat ekki gjört sjer grein fyrir, vaknaði hjá honum. [...] Jón virti hana nákvæmlega fyrir sér og varð hlýrra í hug til hennar. ‘Hún er alls ekki ókvennleg,’ hugsaði hann.“ (2. árg., 9–10) Nokkru síðar er kvennaflagarinn Daði Halldórsson látinn segja, þegar samband þeirra Jóns og Guðríðar berst í tal: „húsfrú Guðríður er töfrandi og fjörug, þótt hún sje nú ekki lengur barnung.“ (2. árg., 16)

Jón biskup Vídalín er aðeins að litlu leyti um þau Árna og Þórdísi, en saga þeirra er þar óslitin frá því þau eru ung í Skálholti og fella hugi saman, þar til Þórdís deyr eftir mikið uppgjör þeirra á milli. Í sögu Torfhildar gerist Árni fráhverfur Þórdísi af því hún er ekki nógu efnuð og faðir hennar, Jón biskup Vigfússon, í kröggum og hún giftist Magnúsi, sem var ríkur, til að bjarga þessum sama föður. Torfhildur lætur Þórdísi eiga tvö börn en hin sögulega fyrirmynd átti sjö. Árni í *Íslandsklukkunni* tælir Snæfríði barnunga í föðurhúsum og hann fórnar henni fyrir Skáldu, hinar gömlu bækur, fé kerlingar. Í raun var Þórdís Jónsdóttir eldri en Sigríður systir hennar sem varð kona Jóns Vídalíns, og þannig hefur Torfhildur það einnig, en Halldór lætur Snæfríði vera yngri. Snæfríður er barnlaus, og meira en það, hún er óbyrja, og því eins langt frá sögulegri fyrirmynd sinni og hugsast getur. Í frumdrögum *Íslandsklukkunnar* á hún hins vegar tvö börn sem í fyrsta kafla *Hins ljósa mans* eru „sex – sjö ára“ að leika sér heima í Bræðratungu „með legg og skel undir hrundum vegg“. Síðan hefur Halldór breytt þessu og er setningin tvýfírstrikuð í handriti. Torfhildur lætur Þórdísi deyja í

58 Þar segir við árið 1697 að Guðríður húsfrú hafi stutt Jón Vídalín „með peningum ok öðru, sem hún mátti, ok ætludu menn hún mundi hyggja sér þat til nota síðar, þótt þat bæði fýsiligt, ok var köllud fjörmikil.“ Sjá Jón Espólín, *Íslands árbækur*, bls. 57.

bólunni 1707⁵⁹ og horfir Árni upp á hana deyjandi í gróteskri dauðasenu, þar sem hún „afmynduð af bólunni“ og „viðbjóðslega útleikin“ (2. árg., 213) hvíslar að honum hótun um að hún muni fylgja honum dauð. Af þremur aðalpersónum *Íslandsklukkunnar* er Snæfríður sú eina sem ekki ber sama nafn og sú sagnfræðilega persóna sem stuðst er við, heldur tekur nafn sitt eftir Snæfríði, dóttur Svása, sem segir frá í *Heimskringlu* að hafi villt svo og tryllt Harald hárfagra að hann missti stjórn á ríki sínu.⁶⁰ Snæfríður er fjarræn og er henni ýmist lýst sem huldukonu eða konu úr hetjukvæðum og í lokin hverfur hún inn í landið sem upphafið tákni þess.

Í *Jóni biskupi Vídalín* er lögð áhersla á tvískinnung Árna, og er Þórdís látin kveða upp úr með það atriði. Í uppgjöri þeirra og síðasta samtali segist hún ekki myndi „girnast að eiga prófessorinn. Jeg elskaði og elska Árna Magnússon með öllum hans göllum, en dæmdu sjálfur um, hvort að hann og prófessorinn eru ekki ólíkir menn.“ (2. árg., 171) Í *Íslandsklukkunni* er hann ýmist nefndur „Árni“ eða „Arnas“, eftir því í hvoru hlutverkinu hann er.⁶¹ Snæfríður gerir sér hins vegar enga rellu út af þessu þegar hún jatar ást sína á Árna í samtali við dómkirkjuprestinn: „Ég elska einn mann, sagði hún; og þér vitið það; ég elska hann vakandi; sofandi; lifandi; dauð; elska hann.“ (66) Í uppgjöri þeirra Þórdísar og Árna eys Þórdís yfir hann skömmunum og kennir honum um ógæfu sína og giftingu. „Já, þú og enginn annar lagðir grundvöllinn undir mæðuferil minn, og ert nú að hlaða málum ykkar Magnúsar ofan á hann.“ (170) Með þessu bendir hún honum á að deilur þeirra Magnúsar séu karlamál sem komi henni ekki við, og orð hans gera ekki annað en staðfesta það:

„Heiður minn stóð í veði,“ svaraði hann.

„En um minn hirtir þú ekkert, hann var þó aleiga mín.“

„Hver er sjálfum sjer næstum,“ svaraði hann. (169)

59 Þarna treystir Torfhildur heimild sinni, Jóni Espólín, sem segir að Þórdís hafi dáíð í bólunni miklu 1707. Sjá *Íslands árbækur* VIII, bls. 106. Hið rétta er að Þórdís lést árið 1741. Í *Íslandsklukkunni* deyja biskupshjónin í bólunni sem áréttar að Jón biskup Vídalín er ekki fyrirmynd hins nafnlausu biskups í sögunni.

60 Sjá „Haralds saga hins hárfagra,“ bls. 126-127.

61 Í bréfum Árna má sjá að hann kallaði sig gjarnan Arnas upp á latínu og undirritaði bréf sín með því nafni. Sjá *Arne Magnussons Private Brevveksling*.

Í *Íslandsklukkunni* dáist Snæfríður að Árna, og í uppgjöri þeirra sem einnig fer fram í Skálholti er ekki aðeins að hún fyrirgefi honum að hafa svikið „alla eiða sem karlmaður getur svarið“ (266), heldur skilur hún að hann varð að fórna henni og samþykkir það: „Ég ásakaði þig aldrei, Árni, sagði hún; ekki með orði, ekki með hugrenningu.“ (268) Hvað hennar eigin heiður varðar endurtekur hún skilaboðin sem hún hafði áður sent með Jóni Hreggviðssyni en Árni vildi ekki heyra: „Seg honum ef minn herra geti bjargað sóma Íslands, þótt mig áfalli smán, skal þó andlit hans jafnan lýsa þessu mani.“ (81) Þessi orð sem hún segist hafa verið lengi að setja saman biður hún um að megi verða þeirra síðustu „í kvöld og sérhvert kvöld, eins hið síðasta“ (269). Það er hann sem lýsir hinu ljósa mani.

Kvennasagan

Íslandsklukkan er ekki fyrsta sögulega skáldsaga Halldórs Laxness. Hann var áður búinn að skrifa aðra, hina glötuðuðu „Aftureldingu“, andsvar við *Eldingu* Torfhildar Hólm. Markmið hans með verkinu var að skrifa skáldskap, ekki sagnfræði, og í einni af minniskompum sínum líkir hann því við tónlist: „Segja sögu Snæfríðar að öðrum þræði við sögu Jóns Hreggviðssonar eins og sópran við djúpan bassa.“⁶² Eins og hann tekur vandlega fram sjálfur og viðurkenndi var það prófessorinn og fræðimaðurinn Jón Helgason sem benti honum á efnið um viðskipti þeirra Jóns Hreggviðssonar og Árna Magnússonar, en þau varða lagaflækjur, réttarhöld, hið opinbera og karllega samfélag. Hvað varðar kvennasöguna, ástarsöguna, efnið í Skáldu, sem eitt fárra handrita bjargaðist úr brunanum í Kaupmannahöfn, hefur hann hins vegar farið í rúmbotn kerlingar, að vísu ekki þeirrar á Rein, heldur hins forsmáða og gleymda kvenrithöfundar Torfhildar Hólm. Hvort silfurspesían hefur verið greidd skal hér ósagt látið.

62 Sbr. Peter Hallberg, „Íslandsklukkan í smíðum,“ bls. 141. Minniskompan er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns. Um samband tónlistar og skáldskaparfræði í verkum Halldórs, sjá grein Helgu Kress, „Veröldin er söngur. Hinn hreini tónn og kvenmynd eilífðarinnar í verkum Halldórs Laxness.“ [Endurpr. í þessu riti].

Heimildir

Óprentaðar heimildir

- AM 162 8vo. Skálda.
Lbs 3983 4to. Bréfasafn Torfhildar Hólm.
Lbs 3985 4to. Torfhildur Hólm. Dagbókarblöð.
Lbs 4248-56 4to. Halldór Laxness. Íslandsklukkan (handrit).
Lbs 23 NF. Bréfasafn Jóns Helgasonar.
Lbs 200 NF. Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness.
Lbs án safnmarks. Bréfasafn Einars Ólafs Sveinssonar.

Prentaðar heimildir

- Anonymous. „Brynjólfur Sveinsson.“ *Norðanfari* 7. og 18. mars 1884, 4. og 27. júní 1884, 3. og 9. júlí 1884, 2. ágúst 1884.
Arne Magnussons Private Brevveksling. Útg. Kristian Kålund. København: Gyldendal, 1920.
Barthes, Roland. „Frá verki til texta.“ Guðlaug Richter þýddi. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1991. [Á frummálinu: „De l'oeuvre au texte“, 1971].
Björg Einarsdóttir. „Fyrsti íslenski kvenrithöfundurinn.“ *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna I*. Reykjavík: Bókrún, 1984.
Björn Jónsson. „Elding.“ *Ísafold* 8. og 11. janúar 1890. [Ritdómur].
Bréf Matthíasar Jochumssonar. Steingrímur Matthíasson sá um útgáfuna. Akureyri: Menningarsjóður, 1935.
Eggert Ó. Brím. [Bréf]. *Norðanfari* 24. nóvember 1882.
Einar Hjörleifsson. „Torfhildur Þ. Hólm: Elding.“ *Lögberg* 10. mars 1890. [Ritdómur].
Einar Hjörleifsson. „Skáldalaun.“ *Lögberg* 14. október 1891.
Eiríkur Jónsson, *Rætur Íslandsklukkunnar*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1981.
Finnur Sigmundsson. Sjá *Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. Þjóðsögur og sagnir*.
Gerður Steinþórsdóttir. „Brautryðjandinn Torfhildur Hólm.“ *Samvinnan* 2-3/1984.
Gestur Pálsson. „Torfhildur Þ. Hólm, ‘Elding’.“ *Heimskringla* 10. apríl 1890, bls. 2; 17. apríl 1890. [Ritdómur].
Gils Guðmundsson. „Bræðratunguhjón og Árni Magnússon.“ *Drekkingarhylur og Brímarhólmur. Tíu dómsmálaþættir frá seytjándu, átjándu og níttjándu öld*. Reykjavík: Iðunn, 1953.
Guðmundur Kamban. *Jeg ser et stort skönt land*. København: Nordisk forlag, 1936.
Guðmundur Kamban. *Skálholt I-IV*. København: Hasselbalch, 1930-32.
Guðmundur Kamban. *Skálholt I-IV*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1930-35.
Guðmundur Kamban. *Vítt sé ég land og fagurt*. Reykjavík: Helgafell, 1945-46.
Gunnar Gunnarsson, *Eðbrødre*. København: Gyldendal, 1918.
Gunnar Gunnarsson. *Fóstbræður*. Jakob Jóh. Smári þýddi. København: Gyldendal, 1919.

- Gunnar Gunnarsson. „Sithvað um söguna.“ *Fóstbræður* (1919). Önnur útgáfa. Reykjavík: Landnáma, 1953.
- Hallberg, Peter. „Íslandsklukkan í smíðum.“ *Árbók Landsbókasafnsins* 1957.
- Halldór Laxness. *Eldur í Kaupinhafn*. Reykjavík: Helgafell, 1946.
- Halldór Laxness. *Heiman eg fór. Sjálfsmynd æskumanns*. Reykjavík: Helgafell, 1952.
- Halldór Laxness. *Hið ljósa man*. Reykjavík: Helgafell, 1944.
- Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Reykjavík: Helgafell, 1975.
- Halldór Laxness. *Íslandsklukkan*. Reykjavík: Helgafell, 1943.
- Halldór Laxness. *Íslandsklukkan*. Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1957.
- Halldór Laxness. *Íslendingaspjall*. Reykjavík: Helgafell, 1967.
- Halldór Laxness. *Sjálfsagðir hlutir* (1946). Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1962.
- Halldór Laxness. *Sjömeistarasagan*. Reykjavík: Helgafell, 1978.
- Halldór Laxness. *Ungur eg var*. Reykjavík: Helgafell, 1976.
- Halldór Laxness. *Vettvángur dagsins* (1942). Önnur útgáfa. Reykjavík: Helgafell, 1962.
- Hannes Þorsteinsson. „Draupnir.“ *Þjóðólfrur*, 12. maí 1893. [Ritdómur].
- „Haralds saga hins hárfagra.“ *Heimskringla* I. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit XXVI. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1951.
- Helga Kress. „Bækur og ‘kellingabækur’. Þáttur í íslenskri bókmenntasögu.“ *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar* 1/1978].
- Helga Kress. „Dæmd til að hrekjast. Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í Tímabjórnum eftir Steinunni Sigurðardóttur.“ *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Tímariti Máls og menningar* 1/1988].
- Helga Kress. „‘Gægur er þér í augum.’ Konur í sjónmáli Íslendingasagna.“ *Fyrir dýnum föstru. Konur og kynferði í íslenskum fornþéttum*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1996. [Greinin birtist fyrst í *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánsyni sextugum 25. desember 1991*. Ritstj. Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson. Reykjavík: Sögufraeðslusjóður, 1992].
- Helga Kress. „Veröldin er söngur. Hinn hreini tónn og kvenmynd eilíðarinnar í verkum Halldórs Laxness.“ *Skírnir*, vor 2002.
- Helgi J. Halldórsson. „Þættir úr sagnfræði Íslandsklukkunnar og lögmál skáldverksins.“ *Á góðu dægri. Afmæliskefja til Sigurðar Nordals 14. september 1951 frá yngstu nemendum hans*. Reykjavík: Helgafell, 1951.
- Hermann Stefánsson. *Sjónhverfingar*. Reykjavík: Bjartur, 2003.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, 1983.
- Irigaray, Luce. *This Sex which is Not One*. Þýð. Catherine Porter. Ithaca: Cornell University Press, 1985. [Frumútgáfa: *Ce sexe qui n'est pas un*, 1977].
- „Íslendingar eiga stórfenglegri skáldsagnageymd en nokkur önnur Evrópuþjóð.

- Viðtal við Halldór Kiljan Laxness. “*Djóðviljinn* 23. desember 1944. Undirritað S.G.
- Janson, Kristofer. *Jon Arason. Syrgespil í 5 aktar*. Bergen: Giertsen, 1867.
- Jón Espólín. *Íslands árbækur í söguformi*. VIII. deild. Kaupmannahöfn: Hid Íslandska Bókmentafélag, 1829.
- Jón Ólafsson. „Biografiske Efterretninger om Arne Magnussen.“ Útg. E.C. Werlauf. *Nordisk Tidsskrift for Oldkyndighed* 3/1836.
- Jónas Jónasson. „Brynjólfur Sveinsson byskup.“ *Djóðólfrur* 24. júlí 1882. [Ritdómur].
- Jónas Jónasson. *Randiður í Hvassafelli. Saga frá 15. öld*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1892.
- Júlíana Jónsdóttir. *Víg Kjartans Ólafssonar*. Helga Kress bjó til prentunar. Hafnarfjörður: Söguspekingastifti, 2001.
- Katalog over Den Arnamagnæanske Håndskriftsamling*. II. Útg. Kristian Kålund. København: Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat, 1894.
- Kristeva, Julia. *Desire in Language. A Semiotic Approach to Literature and Art*. Ritstj. Leon S. Roudiez. Oxford: Basil Blackwell, 1981.
- The Kristeva Reader*. Ritstj. Toril Moi. Oxford: Basil Blackwell, 1986.
- Már Jónsson. *Árni Magnússon. Ávisaga*, Reykjavík: Mál og menning, 1998.
- Matthías Jochumsson. *Jón Arason. Harmsöguleikur (tragedía) í fimm þáttum*. Ísafirði: Skúli Thoroddsen, 1900.
- Matthías Jochumsson. „Jón biskup Vídalín.“ *Lýður* 14. apríl 1890. [Ritdómur].
- Matthías Jochumsson. *Sjá Bréf Matthíasar Jochumssonar*.
- Ólafur Davíðsson. „Jón biskup Vídalín.“ *Sunnanfari* 1. júlí 1893. [Ritdómur].
- The Penguin Dictionary of Literary Terms and Literary Theory*. Ritstj. J.A. Cuddon og C.E. Preston. 4. útg. London: Penguin, 1998.
- Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Helgafell, 1952.
- Skúli Thoroddsen. „Elding. Söguleg skáldsaga frá 10. öld.“ *Djóðviljinn* 21. apríl 1890. [Ritdómur].
- Svava Jakobsdóttir. „Reynsla og raunveruleiki. Nokkrir þankar kvenrithöfundar.“ *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur*. Ritstj. Valborg Bentsdóttir, Guðrún Gísladóttir og Svanlaug Baldursdóttir. Reykjavík: Sögufélag, 1980.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. [Bréf]. *Heimskringla* 12. júní 1890.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. *Brynjólfur Sveinsson biskup. Skáldsaga frá 17. öld*. Reykjavík: [höfundur], 1882.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. *Elding. Söguleg skáldsaga frá 10. öld*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1889.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. *Högni og Ingibjörg*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1889.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. „Jón biskup Arason.“ *Draupnir* 6.-12. árgangur, 1902-1908.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. „Jón biskup Vídalín.“ *Draupnir* 1.-2. árgangur, 1892-93.
- Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. *Kjartan og Guðrún*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1886.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm. Þjóðsögur og sagnir. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1962. [Inngangur Finns Sigmundssonar, bls.V-XXXI].

Valtýr Guðmundsson. „Nokkur orð um ritdóm J.J. um skáldsöguna ‘Brynjólf Sveinsson biskup’.“ *Ísaföld*, 5. ágúst 1882. [Undirritað Samngjarn].

Vilhjálmur Þ. Gíslason. „Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm.“ *Torfhildur Þorsteinsdóttir Holm. Ritsafni* I. Brynjólfur Sveinsson bjó til prentunar. Akureyri: Norðri, 1949.

Netheimildir

Hermann Stefánsson. „Inn í öngstrætið. Gluggað og grautað í skáldsögu sem ekki er til.“ <<http://www.kistan.is>>. Dagsett þar 31. maí 2002.

Saga, 2002

Summary

“The Things Our Dear Old Ladies Hoard”

Halldór Laxness and Torfhildur Hólm

Halldór Laxness's *Íslandsklukkan* (1943–1946, *Iceland's Bell*), a historical novel set around the turn of the eighteenth century, begins with an account of the manuscript collector Arnas Arnæus (Árni Magnússon) and his visit to a poor farmstead where he discovers, under an old woman's mattress, sheets from a priceless vellum manuscript that he has been seeking for years. The incident symbolizes the contribution of women, many of them obscure and forgotten, to the preservation of Icelandic literature through the ages, which Laxness often acknowledges in his work. And just as Arnas Arnæus appropriates the old manuscript for a higher purpose, Laxness frequently reworks older texts, published and unpublished alike, elevating them to a higher form of narrative art.

This aspect of his literary craft can be traced to the influence of Torhildur Hólm (1845–1918), the first Icelandic woman to publish a novel, the first Icelandic author to write historical novels, and also the first Icelander to make a career of writing. An unmarried woman with no formal education or social standing, she published four long historical novels, the first of which appeared in 1882. In response to her critics, who found her lacking in both talent and a knowledge of history, she argued that through her fiction she was rescuing forgotten historical materials from oblivion. She also urged other writers to follow in her footsteps and make use of historical materials, settings, and periods.

The historical novel reached its zenith in Icelandic literature during the 1920s and 1930s with the works of Icelandic authors who wrote in Danish and dealt with many of the very same subjects as Torfhildur Hólm's novels. Laxness's first novel was the now lost "Afturelding" (Dawn), which he described as a response to Hólm's *Elding*.

An analysis of *Íslandsklukkan* reveals the further influence of Hólm's novels, especially *Jón biskup Vídalín* (1902-1908, Bishop Jón Vídalín), which provided the idea for a romance between Arnas Arnæus/Arni Magnússon and Snæfríður Íslandssól/Þórdís Jónsdóttir, a plot element that has no historical basis. Yet these two writers differ in their approach to the connections between reality, history, and narrative art: Torfhildur Hólm emphasizes historical truth whereas Halldór Laxness bends history to accommodate what he called the narrative truths of the work.